BA ritgerð
í hagfræði

Arctic Adventures
Markaðssókn og tækifæri

Ástvaldur Helgi Gylfason

Leiðbeinandi Auður Hermannsdóttir
Hagfræðideild
Febrúar 2012

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Arctic Adventures

Markaðssókn og tækifæri

Ástvaldur Helgi Gylfason

Lokaverkefni til BA-gráðu í hagfræði

Leiðbeinandi: Auður Hermannsdóttir

Hagfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2012

Arctic Adventures

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BA prófs við Hagfræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

© 2012 Ástvaldur Helgi Gylfason

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2012

Formáli

Skýrsla þessi er lokaverkefni mitt á BA- línu við hagfræðideild Háskóla Íslands. Skýrslan telst til 12 ECTS eininga. Skýrslan var unnin að beðni Torfa G. Yngvasonar, annars eiganda Arctic Aventures. Hann og Logi Karlsson, markaðsstóri Arctic Adventures höfðu áhuga á að skoða hvort þeir gætu aðgreint betur viðskiptavini Arctic Adventures.

Leiðbeinandi er Auður Hermansdóttir, aðjúnkt og þakkar höfundur henni kærlega fyrir gott samstarf. Guðbjörn Ármannsson og Elísabeth Lind Ingólfsdóttir fá einnig bestu þakkir fyrir yfirlestur. Sérstakar þakkir fá þeir Torfi G. Yngvason og Logi Karlsson fyrir þeirra handleiðslu á verkefninu. Einnig vill höfundur þakka öllu þeim leiðsögumönnum og starfsmönnum Arctic Adventures sem aðstoðuðu við að dreifa spurningalistanum til viðskiptavina í lok ferðar. Án þeirra hefði höfundur ekki fengið nærri eins mikla svörun. Tekið skal fram að höfundur er starfsmaður Arctic Adventures og gætu niðurstöðurnar því verið litaðar af því.

Ástvaldur Helgi Gylfason

Janúar 2012

Útdráttur

Höfundur hefur starfað fyrir Arctic Adventures að hluta eða í fullu starfi sem leiðsögumaður síðan árið 2008. Hefur höfundur fengið að sjá frá fyrstu hendi þær breytingar sem orðið hafa síðan stækkun fyrirtækisins hófst. En Arctic Adventures er ferðaþjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í að bjóða upp á ævintýraferðir, líkt og flúðasiglingar og jöklagöngur. Meginmarkmið skýrslunnar er að athuga hvort mismunandi neyslumynstur sé sýnilegt meðal viðskiptavina Arctic Adventures. Ef ólíkt neyslumynstur finnast meðal viðskiptavina getur Arctic Adventures þá nýtt þær upplýsingar til að búa til markaðssókn eða markhópa . Tvær breytur eru skoðaðar í því ljósi, en það eru þjóðerni og svo ferðirnar sjálfar. Rannsóknarsniðið var megindleg aðferð og sumarið 2011 voru spurningalistar dreifðir til viðskiptavina Arctic Adventures í lok ferðar.

Áður en ráðist var í rannsókn voru nokkur hugtök skilgreind. Markaðsumhverfi, heildarmarkaðsfærsla, miðuð markaðsfærsla, og þjónustustig. Helstu niðurstöður voru að hægt var að sjá ólíkt neyslumynstur meðal þjóðerna og ferða. Til dæmis var hægt að sjá að sum þjóðerni sækjast frekar í ákveðna tegund af ferðum meðan önnur þjóðerni sækjast í aðrar ferðir. Hægt var að sjá einnig að bókun gat verið ólík meðal ferða, hér er þó um mat höfundar á niðurstöðum að ræða.

Skýrslunni er ætlað að vera uppflettirit fyrir eigendur Arctic Adventures svo að þeir geti út frá þeirra eigin reynslu og hugmyndum búið til markaðssókn og/eða markhópa fyrir fyrirtæki sitt. Tekið skal fram að hlutdrægnin kemur inn hjá höfundi þar sem hann er starfsmaður Arctic Adventures og getur það haft áhrif á niðurstöður rannsóknar.

Efnisyfirlit

1 Inngangur 17
2 Arctic Adventures 18
2.1 Markaðsumhverfi Arctic Adventures 19
2.2 Heildarmarkaðsfærsla 23
2.3 Miðuð markaðsfærsla 23
2.4 Markaðshlutun 24
2.5 Markaðsmiðun 25
2.6 Staðfærsla 26
2.7 Þjónustustig 26
3 Rannsókn 28
3.1 Markmið rannsóknar 28
3.2 Aðferðir og hönnun rannsóknar 29
3.2.1 Mælitæki 29
3.2.2 Framkvæmd 30
3.2.3 Þátttakendur 30
4 Heildarniðurstöður rannsóknar 32
4.1 Ferð 32
4.2 Þjóðerni 33
4.3 Menntunarstig 34
4.4 Frammistaða leiðsögumanna 34
4.5 Þjónusta – frá bókun til lok ferðar 35
4.6 Væntingar til ferðar 35
4.7 Upplýsingar um ferðasala 36
4.8 Bókun ferðar 38
4.9 Lengd dvalar 39
4.10 Tegund gistingar 40
4.11 Fjöldi ferðafélaga 41
4.12 Áhugasvið 42
5 Þjóðerni 45
5.1 Ástralía 46
5.1.1 Tekjur 47
5.1.2 Þjónustustig 47

5.1.3 Önnur greining 48
5.1.4 Áhugasvið 50
5.2 Belgía 52
5.2.1 Þjónustustig 52
5.2.2 Önnur greining 53
5.2.3 Áhugasvið 55
5.3 Kanada 56
5.3.1 Tekjur 57
5.3.2 Þjónustustig 58
5.3.3 Önnur greining 59
5.3.4 Áhugasvið 61
5.4 Danmörk 62
5.4.1 Tekjur 63
5.4.2 Þjónustustig 64
5.4.3 Önnur greining 64
5.4.4 Áhugasvið 66
5.5 Frakkland 67
5.5.1 Tekjur 67
5.5.2 Þjónustustig 68
5.5.3 Önnur greining 68
5.5.4 Áhugasvið 70
5.6 Þýskaland 71
5.6.1 Tekjur 72
5.6.2 Þjónustustig 72
5.6.3 Önnur greining 73
5.6.4 Áhugasvið 75
5.7 Holland 76
5.7.1 Tekjur 77
5.7.2 Þjónustustig 77
5.7.3 Önnur greining 78
5.7.4 Áhugasvið 80
5.8 Noregur 81
5.8.1 Tekjur 82
5.8.2 Þjónustustig 82
5.8.3 Önnur greining 83
5.8.4 Áhugasvið 84
5.9 Svíþjóð 85
5.9.1 Tekjur 86

5.9.2 Þjónustustig ... 87
5.9.3 Önnur greining ... 87
5.9.4 Áhugasvið ... 89
5.10 Bretland ... 90
5.10.1 Tekjur ... 91
5.10.2 Þjónustustig ... 91
5.10.3 Önnur greining ... 92
5.10.4 Áhugasvið ... 94
5.11 Bandaríkin ... 95
5.11.1 Tekjur ... 96
5.11.2 Þjónustustig ... 97
5.11.3 Önnur greining ... 98
5.11.4 Áhugasvið ... 101
6 Ferðir ... 104
6.1 Beast of the East ... 105
6.1.1 Þjónustustig ... 105
6.1.2 Önnur greining ... 106
6.1.3 Áhugasvið ... 107
6.2 Black and Blue ... 108
6.2.1 Þjónustustig ... 110
6.2.2 Önnur greining ... 111
6.2.3 Áhugasvið ... 116
6.3 Blue Ice ... 118
6.3.1 Þjónustustig ... 119
6.3.2 Önnur greining ... 120
6.3.3 Áhugasvið ... 125
6.4 Blue Lava ... 127
6.4.1 Þjónustustig ... 128
6.4.2 Önnur greining ... 128
6.4.3 Áhugasvið ... 129
6.5 Fjord Serenity ... 131
6.5.1 Þjónustustig ... 132
6.5.2 Önnur greining ... 132
6.5.3 Áhugasvið ... 133
6.6 Full Throttle ... 134
6.6.1 Þjónustustig ... 135
6.6.2 Önnur greining ... 135
6.6.3 Áhugasvið ... 136

6.7 Golden Grand Slam 137
6.7.1 Þjónustustig 138
6.7.2 Önnur greining 138
6.7.3 Áhugasvið 141
6.8 Highlights of the Highlands 143
6.8.1 Þjónustustig 144
6.8.2 Önnur greining 145
6.8.3 Áhugasvið 148
6.9 Into the Blue 149
6.9.1 Þjónustustig 150
6.9.2 Önnur greining 151
6.9.3 Áhugasvið 154
6.10 River Fun 155
6.10.1 Þjónustustig 157
6.10.2 Önnur greining 157
6.10.3 Áhugasvið 160
6.11 Þórsmörk Volcano Hike 161
6.11.1 Þjónustustig 162
6.11.2 Önnur greining 162
6.11.3 Áhugasvið 163
7 Glacier Guides 164
7.1.1 Tekjur 166
7.1.2 Þjónustustig 166
7.1.3 Önnur greining 166
7.1.4 Áhugasvið 169
8 Niðurstöður 170
9 Takmarkanir og tillögur 173
9.1 Tillögur að frekari rannsókn 173
10 Lokaorð 176
Heimildarskrá 177
Viðauki 1 179
Viðauki 2 181
Viðauki 3 184

Myndaskrá

Mynd 1. Aldurskipting (%) 21
Mynd 2. Hvaðan kom hugmyndin að Íslandsferð? (%) 22
Mynd 3. Dvalarlengd - flokkuð (%) 40

Töfluskrá

Tafla 1. Markhópur Arctic Adventures 19
Tafla 2. Markhópur Arctic Rafting 20
Tafla 3. Markhópur Glacier Guides 20
Tafla 4. Fjöldi erlendra ferðamanna 21
Tafla 5. Kyn – Heildarniðurstöður 30
Tafla 6. Aldur – Heildarniðurstöður 31
Tafla 7. Ferð - Heildarniðurstöður 32
Tafla 8. Þjóðerni - Heildarniðurstöður 33
Tafla 9. Menntunarstig – Heildarniðurstöður 34
Tafla 10. Frammistaða leiðsögumanna – Heildarniðurstöður 34
Tafla 11. Þjónusta – frá bókun til lok ferðar – Heildarniðurstöður 35
Tafla 12. Væntingar til ferðar – Heildarniðurstöður 35
Tafla 13. Upplýsingar um ferðasala – Heildarniðurstöður 36
Tafla 14. Upplýsingar um ferðasala – Annað – Heildarniðurstöður 37
Tafla 15. Bókun ferðar – Heildarniðurstöður 38
Tafla 16. Bókun ferða – Annað – Heildarniðurstöður 39
Tafla 17. Lengd dvalar – Heildarniðurstöður 39
Tafla 18. Gisting – Heildarniðurstöður 40
Tafla 19. Tegund gistingar - annað – Heildarniðurstöður 41
Tafla 20. Fjöldi ferðafélaga – Heildarniðurstöður 41
Tafla 21. Áhugasvið - Heildarniðurstöður 42
Tafla 22. Bókaðar ferðir – Aðrar – Heildarniðurstöður 43
Tafla 23. Hversu margar ferðir aukalega viðskiptavinir fóru í 44
Tafla 24. Þjóðerni 45
Tafla 25. Kyn - Ástralía (%) 46
Tafla 26. Aldur - Ástralía 46

Tafla 27. Tekjur Ástrala 47
Tafla 28. Upplýsingar um ferðasala – Ástralía 48
Tafla 29. Bókun ferðar – Ástralía 48
Tafla 30. Tegund gistingar – Ástralía 49
Tafla 31. Fjöldi ferðafélaga – Ástralía 49
Tafla 32. Áhugasvið - Ástralía 50
Tafla 33. Bókaðar ferðir – Aðrar – Ástralía 51
Tafla 34. Fjöldi pantaðra ferða - Ástralía 51
Tafla 35. Kyn -Belgía (%) 52
Tafla 36. Aldur – Belgía 52
Tafla 37. Upplýsingar um ferðasala – Belgía 53
Tafla 38. Bókun ferðar – Belgía 53
Tafla 39. Tegund gistingar – Belgía 53
Tafla 40. Fjöldi ferðafélaga – Belgía 54
Tafla 41. Áhugasvið - Belgía 55
Tafla 42. Bókaðar ferðir - Aðrar - Belgía 55
Tafla 43. Fjöldi pantaðra ferða - Belgía 56
Tafla 44. Kyn – Kanada 56
Tafla 45. Aldur – Kanada 57
Tafla 46. Tekjur – Kanada 58
Tafla 47. Upplýsingar um ferðasala – Kanada 59
Tafla 48. Bókun ferðar – Kanada 59
Tafla 49. Tegund gistingar – Kanada 59
Tafla 50. Fjöldi ferðafélaga – Kanada 59
Tafla 51. Áhugasvið – Kanada 61
Tafla 52. Bókaðar ferðir – Aðrar – Kanada 61
Tafla 53. Fjöldi pantaðra ferða – Kanada 62
Tafla 54. Kyn - Danmörk 62
Tafla 55. Aldur – Danmörk 63
Tafla 56. Tekjur – Danmörk 63
Tafla 57. Upplýsingar um ferðasala – Danmörk 64
Tafla 58. Bókun ferðar – Danmörk 64
Tafla 59. Tegund gistingar – Danmörk 65
Tafla 60. Fjöldi ferðafélaga – Danmörk 65
Tafla 61. Áhugasvið – Danmörk 66
Tafla 62. Bókaðar ferðir – Aðrar – Danmörk 66
Tafla 63. Fjöldi pantaðra ferða – Danmörk 66

Tafla 64. Kyn – Frakkaland 67
Tafla 65. Upplýsingar um ferðasala – Frakkland 68
Tafla 66. Bókun ferðar – Frakkland 68
Tafla 67. Lengd dvalar – Frakkland 69
Tafla 68. Tegund gistingar - Frakkland 69
Tafla 69. Áhugasvið– Frakkland 70
Tafla 70. Bókaðar ferðir – Aðrar – Frakkland 70
Tafla 71. Fjöldi pantaðra ferða – Frakkland 71
Tafla 72. Kyn – Þýskaland 71
Tafla 73. Aldur – Þýskaland 72
Tafla 74. Upplýsingar um ferðasala – Þýskaland 73
Tafla 75. Bókun ferðar – Þýskaland 73
Tafla 76. Lengd dvalar – Þýskaland 73
Tafla 77. Tegund gistingar – Þýskaland 74
Tafla 78. Fjöldi ferðafélaga – Þýskaland 74
Tafla 79. Áhugasvið – Þýskaland 75
Tafla 80. Bókaðar ferðir – Aðrar – Þýskaland 75
Tafla 81. Fjöldi pantaðra ferða – Þýskaland 76
Tafla 82. Kyn – Holland 76
Tafla 83. Aldur – Holland 77
Tafla 84. Upplýsingar um ferðasala – Holland 78
Tafla 85. Bókun ferðar – Holland 78
Tafla 86. Lengd dvalar – Holland 78
Tafla 87. Tegund gistingar – Holland 79
Tafla 88. Fjöldi ferðafélaga – Holland 79
Tafla 89. Áhugasvið – Holland 80
Tafla 90. Bókaðar ferðir – Aðrar – Holland 80
Tafla 91. Fjöldi pantaðra ferða – Holland 81
Tafla 92. Kyn– Noregur 81
Tafla 93. Aldur – Noregur 81
Tafla 94. Tekjur – Noregur 82
Tafla 95. Upplýsingar um ferðasala – Noregur 83
Tafla 96. Bókun ferðar – Noregur 83
Tafla 97. Tegund gistingar – Noregur 83
Tafla 98. Fjöldi ferðafélaga – Noregur 83
Tafla 99. Áhugsvið – Noregur 84
Tafla 100. Bókaðar ferðir – Aðrar – Noregur 85
Tafla 101. Fjöldi pantaðra ferða – Noregur 85
Tafla 102. Kyn – Svíþjóð 85

Tafla 103. Aldur – Svíþjóð 86
Tafla 104. Tekjur – Svíþjóð 86
Tafla 105. Upplýsingar um ferðasala – Svíþjóð 87
Tafla 106. Bókun ferðar – Svíþjóð 87
Tafla 107. Tegund gistingar – Svíþjóð 88
Tafla 108. Fjöldi ferðafélaga – Svíþjóð 88
Tafla 109. Áhugasvið – Svíþjóð 89
Tafla 110. Bókaðar ferðir – Aðrar – Svíþjóð 89
Tafla 111. Fjöldi pantaðra ferða – Svíþjóð 90
Tafla 112. Kyn – Bretland 90
Tafla 113. Aldur – Bretland 91
Tafla 114. Upplýsingar um ferðasala – Bretland 92
Tafla 115. Bókun ferðar – Bretland 92
Tafla 116. Lengd dvalar – Bretland 92
Tafla 117. Tegund gistingar – Bretland 93
Tafla 118. Fjöldi ferðafélaga – Bretland 93
Tafla 119. Áhugasvið – Bretland 94
Tafla 120. Bókaðar ferðir – Aðrar – Bretland 94
Tafla 121. Fjöldi pantaðra ferða – Bretland 95
Tafla 122. Kyn - BNA 95
Tafla 123. Aldur – BNA 96
Tafla 124. Tekjur – BNA 97
Tafla 125. Upplýsingar um ferðasala – BNA 98
Tafla 126. Bókun ferðar – BNA 99
Tafla 127. Lengd dvalar – BNA 99
Tafla 128. Tegund gistingar – BNA 100
Tafla 129. Fjöldi ferðafélaga – BNA 100
Tafla 130. Áhugasvið – BNA 101
Tafla 131. Bókaðar ferðir – Aðrar – BNA 102
Tafla 132. Fjöldi pantaðra ferða – BNA 103
Tafla 133. Ferðir sem teknar voru fyrir 104
Tafla 134. Kyn – BE 105
Tafla 135. Aldur – BE 105
Tafla 136. Upplýsingar um ferðasala – BE 106
Tafla 137. Bókun ferðar – BE 106
Tafla 138. Lengd dvalar – BE 106
Tafla 139. Tegund gistingar – BE 106
Tafla 140. Fjöldi ferðafélaga – BE 107
Tafla 141. Áhugasvið – BE 107

Tafla 142. Bókaðar ferðir – Aðrar – BE 108
Tafla 143. Fjöldi pantaðra ferða – BE 108
Tafla 144. Kyn – BAB 109
Tafla 145. Aldur – BAB 110
Tafla 146. Upplýsingar um ferðasala – BAB 111
Tafla 147. Bókun ferðar – BAB 112
Tafla 148. Lengd dvalar –BAB 113
Tafla 149. Tegund gistingar – BAB 114
Tafla 150. Fjöldi ferðafélaga – BAB 115
Tafla 151. Áhugasvið – BAB 116
Tafla 152. Bókaðar ferðir – Aðrar – BAB 117
Tafla 153. Fjöldi pantaðra ferða – BAB 117
Tafla 154. Kyn – BI 118
Tafla 155. Aldur – BI 119
Tafla 156. Upplýsingar um ferðasala – BI 120
Tafla 157. Bókun ferðar – BI 121
Tafla 158. Lendg dvalar – BI 122
Tafla 159. Tegund gistingar – BI 123
Tafla 160. Fjöldi ferðafélaga – BI 124
Tafla 161. Áhugasvið – BI 125
Tafla 162. Bókaðar ferðir - Aðrar – BI 126
Tafla 163. Fjöldi bókaðra ferða 127
Tafla 164. Kyn – BL 127
Tafla 165. Aldur – BL 128
Tafla 166. Upplýsingar um ferðasala- BL 128
Tafla 167. Bókun ferðar - BL 128
Tafla 168. Lengd dvalar – BL 129
Tafla 169. Tegund gistingar – BL 129
Tafla 170. Fjöldi ferðafélaga – BL 129
Tafla 171. Áhugasvið – BL 130
Tafla 172. Bókaðar ferðir – Aðrar – BL 130
Tafla 173. Fjöldi pantaðra ferða – BL 131
Tafla 174. Kyn – FS 131
Tafla 175. Aldur – FS 131
Tafla 176. Upplýsingar um ferðasala – FS 132
Tafla 177. Bókun ferðar – FS 132
Tafla 178. Lengd dvalar – FS 132
Tafla 179. Tegund gistingar – FS 133
Tafla 180. Fjöldi ferðafélaga – FS 133

Tafla 181. Áhugasvið– FS 133
Tafla 182. Bókun ferðar – Aðrar – FS 134
Tafla 183. Fjöldi pantaðra ferða – FS 134
Tafla 184. Kyn – FT 134
Tafla 185. Aldur – FS 134
Tafla 186. Upplýsingar um ferðasala – FT 135
Tafla 187. Bókun ferðar – FT 135
Tafla 188. Lengd dvalar – FT 135
Tafla 189. Tegund gistingar – FT 136
Tafla 190. Fjöldi ferðafélaga – FT 136
Tafla 191. Áhugasvið– FT 136
Tafla 192. Kyn – GGS 137
Tafla 193. Aldur – GGS 137
Tafla 194. Upplýsingar um ferðasala – GGS 138
Tafla 195. Bókun ferðar – GGS 139
Tafla 196. Lengd dvalar – GGS 139
Tafla 197. Tegund gistingar – GGS 140
Tafla 198. Fjöldi ferðafélaga – GGS 140
Tafla 199. Áhugasvið – GGS 141
Tafla 200. Bókaðar ferðir – Aðrar – GGS 142
Tafla 201. Fjöldi pantaðra ferða – GGS 142
Tafla 202. Kyn – HOH 143
Tafla 203. Aldur – HOH 143
Tafla 204. Upplýsingar um ferðasala – HOH 145
Tafla 205. Bókun ferðar – HOH 145
Tafla 206. Lengd dvalar – HOH 146
Tafla 207. Tegund gistingar – HOH 146
Tafla 208. Fjöldi ferðafélaga – HOH 147
Tafla 209. Áhugasvið – HOH 148
Tafla 210. Bókaðar ferðir – Aðrar – HOH 148
Tafla 211. Fjöldi pantaðra ferða – HOH 149
Tafla 212. Kyn – ITB 149
Tafla 213. Aldur – ITB 150
Tafla 214. Upplýsingar um ferðasala – ITB 151
Tafla 215. Bókun ferðar – ITB 152
Tafla 216. Lengd dvalar – ITB 152
Tafla 217. Tegund gistingar – ITB 153
Tafla 218. Fjöldi ferðafélaga – ITB 153
Tafla 219. Áhugasvið – ITB 154

Tafla 220. Bók 155
Tafla 221. Fjöldi pantaðra ferða – ITB 155
Tafla 222. Kyn – RF 156
Tafla 223. Aldur – RF 156
Tafla 224. Upplýsingar um ferðasala – RF 157
Tafla 225. Bókun ferðar – RF 158
Tafla 226. Lengd dvalar – RF 158
Tafla 227. Tegund gistingar – RF 159
Tafla 228. Fjöldi ferðafélaga – RF 159
Tafla 229. Áhugasvið – RF 160
Tafla 230. Bókaðar ferðir – Aðrar – RF 160
Tafla 231. Fjöldi pantaðra ferða – RF 161
Tafla 232. Kyn – ÞVH 161
Tafla 233. Aldur – ÞVH 161
Tafla 234. Upplýsingar um ferðasala – ÞVH 162
Tafla 235. Bókun ferðar – ÞVH 162
Tafla 236. Lengd dvalar – ÞVH 162
Tafla 237. Áhugasvið – ÞVH 163
Tafla 238. Bókaðar ferðir – Aðrar – ÞVH 163
Tafla 239. Fjöldi pantaðra ferða – ÞVH 163
Tafla 240. Þjóðerni – GG 164
Tafla 241. Kyn – GG 165
Tafla 242. Aldur – GG 165
Tafla 243. Upplýsingar um ferðasala – GG 166
Tafla 244. Bókun ferðar – GG 167
Tafla 245. Lengd dvalar – GG 167
Tafla 246. Tegund gistingar – GG 168
Tafla 247. Fjöldi ferðafélaga – GG 168
Tafla 248. Áhugasvið – GG 169

1 Inngangur

Erlendir ferðamenn hafa aukið komu sína til Íslands á síðustu árum og hefur markaður ferðaþjónustu stækkað meðfram því. Arctic Adventures þarf því að skilgreina sig á markaði til að bregðast við aukinni samkeppni. Til að öðlast betri skilning á umfjöllunarefninu verða hugtök sem tengast markaðsfræði skilgreind og útskýrð. Fjallað verður um það markaðsumhverfi sem Arctic Adventures býr við í dag til að fá yfirsýn yfir hvernig markaðurinn er og hvernig hann gæti þróast.

Leitast verður við því að svara spurningunni um hvaða ferðum viðskiptavinir Arctic Adventures voru að leitast eftir og hvort hægt væri að búa til markaðssókn út frá þeim niðurstöðum. Til að komast að því var lagður spurningarlisti sumarið 2011 fyrir viðskiptavini Arctic Adventures. Úr svörunum voru tveir þættir skoðaðir sérstaklega, en það voru þjóðerni og ferðir. Vildi höfundur sjá hvort hægt væri að búa til markaðssókn byggða á þjóðernum og ferðum. Reynt var því að sjá hvort ákveðnar ferðir vöktu meiri áhuga viðkomandi þjóðernis og hvort hægt væri að ná til þeirra með ákveðnum hætti. Með þessu væri hægt að finna hvaða ferðir Arctic Adventures ættu að beina að þeim þjóðernum. Einnig var skoðað hvaða ferðir væri best að selja saman en það var seinni breytan. Ferðirnar sem Arctic Adventures bjóða upp á hafa allar ákveðið einkenni. Vildi höfundur sjá hvort hægt væri að selja aðrar ferðir sem stuðningsvöru, eftir að viðskiptavinir höfðu valið sér ferð. Rannsóknarspurningin sem reynt var að leita svara við er: *Eftir hvaða ferðum eru viðskiptavinir Arctic Adventures að sækjast? Hvert ætti Arctic Adventures að beina markaðssókn sinni?*

2 Arctic Adventures

Arctic Adventures er Íslenskt ferðaþjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í ævintýraferðum. Arctic Adventures er byggt á gömlum stoðum sem ná allt til ársins 1983 þegar Bátafólkið var stofnað. Bátafólkið sá um flúðasiglingar í Hvítá í Árnessýslu. Árið 1997 var Arctic Rafting stofnað á Egilsstöðum. Árið 2002 ráku þeir Jón Heiðar Andrésson og Torfi G. Yngvason sitthvort fyrirtækið en árið 2005 ákváðu þeir að sameina krafta sína og stofna Arctic Adventures. Glacier Guides var stofnað árið 2009 af Einari Ísfeld og Jökuli Bergmann í samstarfi við Jón Heiðar og Torfa G. Óhætt er að kalla þá fjóra lífsstíls frumkvöðla. Samkvæmt Christian Schott (2007) byrjar lífsstíls frumkvöðull fyrirtæki í ævintýraferðamennsku venjulega ekki með það að markmiði að finna gróða. Heldur leitast hann við að gera áhugamál sín að fullu starfi.

Arctic Adventures er í raun byggt upp á nokkrum fyrirtækjum, en þau sem tekin voru fyrir í skýrslunni voru;

- Arctic Adventures með starfstöðvar á Laugarvegi 11
- Arctic Rafting með starfstöðvar í Hvítá í Árnessýslu og Jökulsár Austari og Vestari í Skagafirði
- Glacier Guides með starfsstöðvar frá Skaftafelli

Að auki eru fleiri armar sem teygja sig frá Arctic Adventures, en þeir eru;

- Reykjavík Backpackers hostel, sem er staðsett við Laugarveg 28
    - Áætlað er að opnað annað hostel á Akureyri sumarið 2012
- North Explorers á Ísafirði
- Arctic Surfers við Laugarveg 11

2.1 Markaðsumhverfi Arctic Adventures

Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu (2011) hefur árleg aukning erlendra ferðamanna til Íslands verið að jafnaði 5,3% milli ára síðastliðin tíu ár. Árið 2010 komu tæplega 495 þúsund gestir til landsins eða 200 þúsund fleiri en árið 2000. Markaðurinn fyrir ferðaþjónustu á Íslandi hefur verið að stækka, til að mynda var framleiðsluvirði í ferðaþjónustu 73.072 milljónir króna árið 2000. Árið 2009 var hlutfallið komið upp í 200.284 milljónir króna[1] (Capacent, 2011). Markaðsumhverfið á Íslandi fer stækkandi og hafa eigendur Arctic Adventures fundið fyrir því. Mikil aukning hefur verið á starfsemi fyrirtækisins og hefur fyrirtækið stækkað í samræmi við það. Þó að eigendur Arctic Adventures séu svokallaðir lífsstíls frumkvöðlar hafa þeir fundið fyrir því að skilgreina verður hvar fyrirtækið á að standa á markaði til að það falli ekki af honum.

Samkvæmt Loga Karlssyni markaðsstjóra hefur Arctic Adventures og Arctic Rafting lagt hvort um sig áherslu á nokkra markhópa. Í tilfelli Arctic Rafting eru markhóparnir fyrst og fremst þrír.

Tafla 1. Markhópur Arctic Adventures

Erlendir ferðamenn

Sumar	Vetur
20 til 45 ára	30 til 35 ára

Nálgast hópinn í gegnum helstu upplýsingarit fyrir ferðamenn gefin út innanlands. Þema auglýsinganna miðuð út frá áhuga markhópsins. (Logi Karlsson munnleg heimild, 2. janúar 2011).

[1] Bæði voru miðuð við verðlag síns árs

Tafla 2. Markhópur Arctic Rafting

Grunnskólakennarar	
Maí – Júní	14 til 16 ára
Arctic Rafting áherslu á að ná til grunnskólakennara og þ.a.l. nemendur þeirra og því mætti segja að eiginlegur markhópur væru í raun 14 til 16 ára unglingar þó þeir taki ekki lokaákvörðun um kaup þjónustunnar sjálfrar.	
Erlendir Ferðamenn	
Júlí – Ágúst	20 til 45 ára
Arctic Rafting leggur áherslu á þennan hóp með hnitmiðaðri markaðsetningu á umræddu tímabili.	
Starfsmannastjórar September – Október	
Með markpóstum og símtölum til viðkomandi ferðaþjónustuaðila. (Logi Karlsson munnleg heimild, 2. janúar 2011)	

Tafla 3. Markhópur Glacier Guides

Erlendir ferðamenn	
Sumar	Vetur
20 til 45 ára	Skaftafell er lokað frá um miðjum September til byrjun Maí
Þeir nálgast hópinn í gegnum helstu upplýsingarit fyrir ferðamenn gefin út innanlands. Þema auglýsinganna miðuð út frá áhuga markhópsins (Logi Karlsson munnleg heimild, 2. janúar 2011).	

Þegar skoðaðar eru tölur frá Ferðamálastofu (2011) um aldur erlendra ferðamanna kom eftirfarandi í ljós;



Mynd 1. Aldurskipting (%)

Meðalaldurinn verður annar yfir sumar og vetrarmánuði. Á sumrin er meðalaldurinn 43 ár en 38,7 ár yfir vetrarmánuðina. En í mynd 1 hér að ofan sést að aldursbilið 26 til 35 ára hækkar um 13% milli sumars og veturs. Telur höfundur það einnig liggja í því að erlendir ferðamenn draga úr komum sínum til Íslands yfir vetrarmánuðina. Fjölmennasta þjóðernið voru Bretar árið 2010. En samkvæmt Ferðamálastofu (2011) fóru rétt tæp 60 þúsund Bretar í gegnum Leifstöð árið 2010. Þar á eftir kom Þýskaland með rétt tæp 54 þúsund og svo Bandaríkin með rétt tæp 51 þúsund. Samanlagður fjöldi gesta sem fór um Leifstöð árið 2010 var um 459 þúsund. En fjöldi erlendra gesta hafði dregist saman um 1,1% frá árinu á undan. Capacent setti upp líkan þar sem tekin var 3%, 6% og 9% aukningu erlendra ferðamanna í gegnum Leifstöð til ársins 2015. Grunnár var sett árið 2005 með 356 þúsund farþega og ef tekið er mið af breytunum þremur þá munu árin 2012 og 2015 líta út eins og eftirfarandi tafla sýnir (Capacent. 2011);

Tafla 4. Fjöldi erlendra ferðamanna

	3%	6%	9%
2012	428 þúsund	535 þúsund	651 þúsund
2015	478 þúsund	637 þúsund	843 þúsund

Höfundur telur að erlendir ferðamenn verði yfir 550 þúsund á árinu 2012 og um 700 þúsund á árinu 2015, ef miðað er við tölurnar hér að ofan. En samkvæmt Ferðamálastofu þá er helsta ástæða heimsóknar til Íslands, almennur áhugi á Íslandi og náttúru þess. En aðrar ástæður eru sýndar á mynd 2.



Mynd 2. Hvaðan kom hugmyndin að Íslandsferð? (%)

Langflestir sem koma hingað til lands samkvæmt Ferðamálastofu (2011) er vegna áhuga á Íslandi og náttúru þess.

Ef áfram heldur sem horfir þá er markaðurinn hér á Ísland að fara að stækka enn frekar. Sem leiðsögumaður hjá AA, hefur höfundur fundið mun milli ára. Höfundur var sumarið 2010 og sumarið 2011 í fullu starfi sem leiðsögumaður hjá AA. Mikil aukning var á erlendum ferðamönnum til landsins og fann höfundur fyrir því. Ferðþjónustufyrirtækjum, gististöðum og veitingahúsum fjölgaði milli þessara ára með aukningu erlendra ferðamanna. Arctic Adventures ætti því að hafa fundið fyrir aukinni samkeppni. Helst hefur höfundur fundið (ef litið er til ferðaþjónustufyrirtækja) fyrir aukningu meðal fyrirtækja sem bjóða upp á göngur (þ.m.t. jöklagöngur). Telur höfundur að á næstu árum muni samkeppnin við fyrirtækið liggja þar. Styrkur AA liggur í flúðasiglingum og er það mat höfundar að fyrirtækið eigi að halda áfram að byggja starfsemi í kringum þær. Þó það virðist sem samkeppnin muni að harðna enn frekar á næstu árum er nauðsynlegt að tapa ekki því sem fyrirtækið hefur nú þegar. Það er auðvelt af fara úr því að vera sterkur á markaði, yfir í meðalsterkur á markaði. Því má AA ekki dreifa kröftum sínum of langt inn á markaðinn og eiga á hættu að „þynnast“ út.

2.2 Heildarmarkaðsfærsla

Heildarmarkaðsfærsla (*mass marketing)* er þegar fyrirtæki reyna að koma skilaboðum sínum yfir á allan markaðarinn. Fyrirtæki reyna því að tala við allan almenning í sýnu kynningarefni. Fyrirtæki líkt og Coca – Cola hefur notast við heildarmarkaðsfærslu þar sem eitt slagorðið er „within an arm´s reach of everyone“ (Kotler, 1999). Fyrirtæki geta því verið með ákveðna vöru sem þeir vilja koma á framfæri og nota til þess markaðsherferð sem á að ná til sem flestra á markaði. Tilgangurinn er að höfða til sem flestra á markaði með því að nota heildarmarkaðsdreifingu og heildarmarkaðsaug-lýsingar. Varann er því oft mjög sérhæfð og því erfitt fyrir framleiðandann að höfða sérstaklega til einstakara aðila á markaði (Armstrong og Kotler,2009). Í staðinn er stóru neti (auglýsingum) kastað út til að ná sem flestum fiskum (viðskiptavinum) á land.

2.3 Miðuð markaðsfærsla

„Það er betra að nota riffil heldur en haglabyssu til að koma skilaboðum þínum á framfæri“. (Cahill, 1997). Miðuð markaðsfærsla (*target marketing)* er í grunninn þegar fyrirtæki miða markaðsskilaboðum sínum á markaðinn sjálfan eða hluta hans. Markaðurinn hefur verið greindur og skilaboðum fyrirtækisins verða þar af leiðandi beint að þeim tiltekna markaðshóp. Þar mun fyrirtækið eyða mestum tíma sínum í að greina þarfir þess markaðar og leita stöðugt leiða til að halda honum tryggum við fyrirtækið. Einföld markaðsfærsla er til dæmis að framleiðendur tannkrems eru farnir að búa til tannkrem sem á að hvíta tennurnar í fólki (Kotler,1999). Fyrirtæki ættu því að vilja skilgreina markhópinn eftir ákveðnum þáttum. Til dæmis er hægt að greina markað niður eftir aldri, tekjum, þjóðerni eða kauphegðun. Mörg fyrirtæki hafa komið sér upp kerfi þar sem þau eru í raun að fylgjast með viðskiptavinum sínum og geta auðveldar greint þau að á markaði (Kotler,1999). Til dæmis þá hefur Genaral Motors reynt að búa til bíla sem henta öllum „veskjum, tilgangi og persónuleika“ (Armstrong og Kotler,2009). Megin áherslan í faglegu markaðsstarfi í dag er að byggja á heildstæðri markaðsstefnu sem tekur mið af miðaðri markaðsfærslu, stefnumótun og framtíðarsýn (Keller, Aperia og Georgson, 2008). Til að geta stundað miðaða markaðsfærslu þarf fyrirtækið fyrst að skilgreina þrjú hugtök; markaðshlutun, markaðsmiðun og staðfærslu.

2.4 Markaðshlutun

Það er mjög erfitt að höfða til allra viðskiptavina sem eru á markaði. En í staðinn fyrir að búa til markaðsáætlun fyrir vöru á að byrja á því að skoða hvaða viðhorf viðskiptavinurinn hefur á vörunni og vinna út frá því (Botha, Crampton og Kim, 1999). Því eigi að einbeita sér að því að skoða fyrirliggjandi styrkleika og veikleika og vinna með þeim, frekar en að reyna að breyta viðhorfum sem viðskiptavinir hafa þegar um vöru. Því eigi að höfða til viðeigandi viðskiptavina með réttum áherslum, í stað þess að reyna að fara dýrar leiðir til að breyta viðhorfi þeirra (Kotler, Bowen og Makens, 1998). En tekið skal fram að þó svo að viðskiptavinur hafi farið í ferð með Arctic Adventures þá er ekki þar með sagt að hann hafi komið í þeim eina tilgangi að fara í þá tilteknu ferð. Flestar ferðir og einnig þær fjölmennustu eru dagsferðir. Viðskiptavinir Arctic Adventures eru því flestir að detta inn á eina og eina dagsferð. Skyndikaup einkennir mjög ævintýraferðamennsku, því í mörgum tilfellum er ferðir ekki ákveðnar fyrirfram. Það er margt sem spilar inn í eins og veður, áhugamál og fleira (Schott, 2007). Kenningar um markaðshlutun eru notaðar til að hluta niður markaði svo hægt sé að skoða hverja einingu hans betur. Hverri einingu er skipt niður þannig að hún hafi ákveðið einkenni. Hægt er að skoða einkennin nánar og geta þá einbeitt sér að þeim sem mestur áhugi er fyrir, á viðkomandi markaði (Goodstein, Nolan og Pfeiffer, 1993). Með því að skipta markaði niður í hluta er hægt að skoða hvern og einn hluta betur og sjá hvaða hegðun viðskiptavinir sýna svo hægt sé beita réttum markaðsherferðum og ná þannig til þessara viðskiptavina (Hassan og Craft, 2005). Kostir þess að skipta niður markaði með markaðshlutun er sú að einstaklingar á milli markaða hafa ólíkar langanir og ólíka verðteygni. Með því að beita markaðshlutun er hægt að verðaðgreina þá vöru sem Arctic Adventures hefur til boða og mæta þeim ólíku kröfum og löngunum sem viðskiptavinir hafa (Webber, 1998).

2.5 Markaðsmiðun

Markaðshlutun bendir á hvaða hlutir eru mögulegir. Markaðsmiðun (*market targeting)* er til að vega og meta hlutina og ákveða svo á hvað skuli leggja áherslu. Til að byrja með þarf að meta hagkvæmni hvers markaðshlutar. Hægt er að aðgreina markaðsmiðun niður í níu atriði sem svo er hægt að skipta niður í 3 þætti (Lilian og Rangaswamy, 2003). Þættirnir þrír eru;

- Markaðsstærð og markaðsvöxtur, hér þarf að skoða stærð markaðarins og hvort markaðurinn muni stækka eða minnka.
- Samkeppni, mettun, vernd og ytri áhætta.
- Samræm tengsl við aðra markhópa og hagnaðarvon.

Eftir að farið hefur verið yfir hvern hluta er hægt að nota þrjár leiðir til markaðsmiðunar.

- Heildarmarkaðsmiðun
    - Fyrirtæki einbeita sér að því hvað er algengt fremur en það sem er öðruvísi. Fyrirtækið reynir að búa til vöru og markaðssók sem á að höfða til sem flestra. Fyrirtæki reyna að ná til sem flestra á markaði (Wright og Esslemont, 1994).
- Aðgreind markaðsmiðun
    - Fyrirtæki reynir að ná til allra á markaði, en býr til mismunandi tilboð eða markaðssókn fyrir hvern og einn markaðshluta (Wright og Esslemont, 1994).
- Einbeitt markaðsmiðun
    - Á sérstaklega við þegar fyrirtæki ráða yfir litlum markaðsmöguleikum. Í staðinn fyrir að reyna að ná litlum hluta af stórum markaði. Á fyrirtækið frekar að reyna að ná stórum hluta af litlum markaði. Þá er fyrirtækið frekar að einbeita sér að litlum mörkuðum (Wright og Esslemont, 1994).

2.6 Staðfærsla

Staðfærsla er eitt að því sem fyrirtæki þurfa að skilgreina ef þau ætla að ná fram árangursríkri markaðssetningu. Með staðfærslu er átt við hvernig skuli staðfæra vörumerkið í hugum neytenda í samanburði við samkeppnisaðila. Skilgreina má staðfærslu í þrjá hluta: aðgreiningu, aðgerðir og ímynd (Lilian og Rangaswamy, 2003 og Þórhallur Guðlaugsson, 2007).

Aðgreiningin fjallar um með hvaða hætti fyrirtækið ætlar sér að aðgreina tilboð sitt frá tilboði samkeppnisaðila. Aðgreiningin beinist því að vörunni sjálfri eða tilboðinu. Aðgreiningaráform geta verið margvísleg og byggjast ýmist á vörunni sjálfri, þjónustunni, starfsfólkinu eða ímyndinni (Þórhallur Guðlaugsson, 2007).

Aðgerðir fjalla um áform fyrirtækisins til að koma aðgreiningunni til skila. Með aðgerðunum er ætlunin að skapa skýra, aðgreinanlega og eftirsóknarverða stöðu í huga eða minni neytenda samanborið samkeppnisaðila (Þórhallur Guðlaugsson, 2007). Meðan aðgreiningin beinist að vörunni, þá beinast aðgerðinar að markaðinum (Lilian og Rangaswamy, 2003 og Þórhallur Guðlaugsson, 2007).

Ímynd er hluti af staðfærslu, fer hún því eftir því hvernig og hvar vörumerki staðfærir sig og hvernig söluráðum er beitt. Ímyndin verður til í huga neytenda. Fyrirtæki geta haft áhrif á ímynd þeirra með því að móta sína eigin ímynd og nýta nafn eða umgjörð fyrirtækisins í þeim tilgangi (Þórhallur Guðlaugsson, 2007).

2.7 Þjónustustig

Eitt það mikilvægasta sem fyrirtæki geta gert í dag er að halda viðskiptavinum ánægðum. Hjá Arctic Adventures felst það í þjálfun starfsmanna. Sölufólk fær ákveðna þjálfun í að tryggja að viðskiptavinir fái það sem þeir leitast eftir og svo er það í hlutverki leiðsögumanna að skila viðskiptavinum ánægðum til baka. Í raun eru það leiðsögumenn sem skila svo endanlegri þjónustu til viðskiptavina. Leiðsögumenn Arctic Adventures fá ákveðna þjálfun eftir eðli ferða þeirra. Til dæmis eru leiðsögumenn skyldaðir til að fara á flúðasiglingarnámskeið, jöklanámskeið og ítarlegt fyrstu hjálpar námskeið áður en þeir fá að stjórna eða fara í tilskyldar ferðir. Með því að hafa starfsmenn vel þjálfaða er hægt að halda framleiðslukostnaði lágum. En hann skilar sér í því að þjálfun starfsmanna er bæði dýr og tímafreka (Klaus og Herbert. 2011). Gildir það einnig með sölufólk sem er utan fyrirtækisins, þ.e. ferðaskrifstofur. Margir ferðaþjónustuaðilar eru að selja ferðir

fyrir Arctic Adventures og er nauðsynlegt að þjálfun þeirra sé á réttum grundvelli. Til dæmis lenti höfundur í því að oftar en ekki var fólk illa til fara eða það hefði vanmetið getu sína miðað við erfiðleikastig ferðarinnar. Allt vegna þess að söluaðilar höfðu ekki nægar upplýsingar um ferðina og í raun var ferðin seld þeim á röngum forsendum. Það er nauðsynlegt fyrir sölufólk að geta metið þátttakendur út frá getu þeirra og að það selji þátttakendum ekki ranga ferð. Fólk sem kaupir í raun köttinn í seknum er líklegara til að koma neikvæðum skilaboðum út frá sér sem skilar sér í neikvæðri ímynd fyrir fyrirtækið (Christian, 2007).

3 Rannsókn

Framkvæmd var lýsandi rannsókn á tímabilinu 10. júní til 15. september 2011. Rannsóknin fólst í þátttökukönnun þar sem viðskiptavinir Arctic Adventures voru beðnir um að svara spurningalista í lok ferðar. Leiðsögumenn Arctic Adventures (AA) sáu um að dreifa spurningalistum til viðskiptavina í lok ferðar. Hér á eftir verður fjallað um framkvæmd rannsóknar, niðurstöður, tillögur og takmarkanir. Rannsóknarspurningin sem reynt er að leita svara við er: *Eftir hvaða ferðum eru viðskiptavinir Arctic Adventures að sækjast? Hvert ætti Arctic Adventures að beina markaðssókn sinni?*

3.1 Markmið rannsóknar

Markmið rannsóknarinnar er að komast að því hvaða ferðir þau þjóðerni sem áttu viðskipti við AA og Glacier Guides (GG) voru að sækjast eftir. Ástæða þess að GG er tekið sérstaklega fyrir er að GG er dótturfyrirtæki AA og vildi höfundur sundurgreina niðurstöður GG og AA. AA og GG hafa ákveðnar ferðir í boði og markmiðið var að sjá í hvaða ferðir viðkomandi þjóðerni eru að sækjast í og auðvelda þannig AA að átta sig á hvert þeir eigi beina markaðssókn sinni. Að því sögðu er lesanda bent á að tilgangur skýrslunnar var að búa til uppflettirit fyrir AA og GG. Þannig að AA og GG geti flett upp í skýrslunni viðkomandi landi eða ferð, þegar og ef þeir vilja selja eða jafnvel búa til markaðshlutun fyrir þessar tvær breytur. Settar voru fram spurningar sem miðaðar voru að því að finna hver áhugasvið hvers þjóðernis væri. Einnig voru settar fram spurningar um hvar bókun átti sér stað og hvar viðkomandi hafði heyrt af fyrirtækinu eða ferðinni. Leitast var við að sjá hvort mismunandi mynstur væri milli landa og hverjum kafla um löndin er þess vegna skipt í undirkaflana;

1. Heildarniðurstöður rannsóknar
2. Þjóðerni
3. Ferð
4. Glacier Guides

Markmið höfundar var að greina stuttlega frá fyrstu niðurstöðum. Tilgangurinn er því að hafa hverja greiningu ekki of langa. Þannig geta bæði AA og GG séð út frá sínu sjónarhorni og

reynslu, hvert niðurstöður stefna. Meginþungi skýrslunnar var skipt niður eftir tveimur þáttum sem eru; landfræðileg markaðshlutun og markaðshlutun byggð á ferðum.

3.2 Aðferðir og hönnun rannsóknar

Aðferðir og hönnun rannsóknar var skipt niður í þrjá hluta; mælitæki, framkvæmd og þátttakendur. Gert verður grein fyrir hverjum kafla.

3.2.1 Mælitæki

Mælitækið var í formi spurningalista. Spurningalistinn er byggður á öðrum spurningalista sem var lagður fyrir sumarið 2010. Spurningalistinn frá 2010 var einfaldur í sniðum þar sem spurt var um heiti ferðar, þjónustustig og ábendingar til fyrirtækisins um hvernig þeir gætu bætt sig. Spurningalisti rannsóknar er því í grunninn byggður á spurningalistanum frá 2010. Framkvæmd spurningalistanna beggja var sú sama þar sem leiðsögumenn dreifðu listunum út í lok ferðar. Logi Karlsson, markaðsstjóri AA sá um úrvinnslu allra gagna spurningalistans frá 2010 en höfundur um úrvinnslu allra gagna spurningalista rannsóknar.

Gerð var forkönnun dagana 3. til 6. júní 2011. Tilgangur þess var að sjá hvað mætti bæta og hverju mætti jafnvel sleppa í spurningalistanum til þess að unnið yrði eftir heilsteyptum spurningalista fyrir rannsóknina. Eftir að hafa unnið úr þeim svörum sem komu á þessu þriggja daga tímabili, var endanlegur spurningalisti tilbúinn. Dagana 10. júní til 15. september 2011 var hann settur fram.

Spurningalistanum var skipt niður í fjóra hluta. Fyrsta hluta var skipt niður eftir bakgrunn, þ.e. aldri, kyni, menntun og tekjum. Í öðrum hluta voru svarendur beðnir um lýsa skoðun sinni á þeirri þjónustu sem þeir höfðu fengið allt frá bókun til lok ferðar. Í þriðja hluta var spurt hvar viðkomandi hafði heyrt af fyrirtækjunum, hvar þeir höfðu bókað, hversu margir væru að ferðast með þeim, á hvers konar gistingu þeir hefðu hallað höfði og hversu lengi þeir hefðu dvöl á Íslandi. Í fjórða hluta voru svarendur beðnir um að merkja við hvaða þrjár athafnir AA og GG vöktu mest áhuga þeirra. [2]

Skalabreytum er vörðuðu þjónustustig var gefið númer eftir því hversu mikið þátttakendur mátu þjónustuna. 5 var hæsta gildið og 1 var lægsta gildið. Reiknuð var

[2] Sjá Viðauka 1

95% marktæktarkrafa fyrir hvern stuðul og ef stuðullinn var hærri en 0,05 þá mátti búast við svipaðri dreifingu milli hópa. Ef forsenda var ekki uppfyllt var horft til Welch og Brown – Forsythe til að kanna hvort munur væri til staðar milli einstakra hópa. Ef SPSS gat reiknað gildið var það tekið fram, annars ekki. Reiknuð var marktæktarkrafa fyrir ferðir sem höfðu svarhlutfall þrjátíu og hærra.

3.2.2 Framkvæmd

Leiðsögumenn AA og GG voru beðnir um að dreifa spurningalistanum til viðskiptavina í lok ferðar á umræddu tímabili (10. júní til 15. September). Leiðsögumenn áttu að dreifa spurningalistum í öllum ferðum sem Arctic Adventures og Glacier Guides bjóða upp á. Tekið skal fram að ferðir eins og Blá lónið fengu enga svörun, enda er sú ferð ekki á vegum fyrirtækjanna. En hestaferðir gátu fengið svörun líkt og Blue Lava, því í þeirra ferð sjá leiðsögumenn AA um flúðasiglingarnar, en ekki hestaferðina sjálfa. Útbúnir voru sérstakir kassar þar sem þátttakendur gátu stungið svörum sínum í. Kassarnir voru svo hafðir í öllum ökutækjum AA sem notaðar voru í dagsferðir, jafnt sem lengri ferðir. Hjá GG voru kassarnir hafðir á söluskrifstofu GG í Skaftafelli. Tæmdi höfundur þá svo þegar þeir tóku að fyllast. Alls fengust 622 svör á þessu tímabili. Gert var skjal í Excel sem flutt var yfir í SPSS tölfræðivinnsluforritið. SPSS skráin var löguð til, breytur skírðar réttum nöfnum og gerðar að skalabreytum þar sem við átti. Tölfræðileg úrvinnsla fór fram bæði í Excel og SPSS og þannig voru niðurstöður settar fram. Gögnin sem notuð voru við úrvinnslu rannsóknarinnar voru því frumgögn.

3.2.3 Þátttakendur

Í spurningu þrjú var spurt um kyn. Alls svöruðu 509 aðilar spurningu þrjú en það er 81,83% af þátttakendum. Það skal því hafa varan á að þeir 113 sem svöruðu ekki spurningu þrjú gætu hækkað heildarniðurstöður annars hvors kynsins (tafla 5).

Tafla 5. Kyn – Heildarniðurstöður

Kyn	Fjöldi	Prósenta af heild
Karlkyn	255	40,997%
Kvenkyn	254	40,836%
Ómerkt	113	18,167%
Heild	622	100%

Niðurstöðurnar komu ekki mikið á óvart því að skiptingin var nokkuð jöfn. Samkvæmt Ferðamálastofu þá voru hlutföll kynja erlendra ferðamanna árið 2009 til 2010 miðað við árstíma. Vetur (sept ´09 – maí ´10); karlar 52% og konur 48%. Sumar (júní-ágúst ´10); karlar 59% og konur 41% (Ferðamálastofa. 2011). Niðurstöðurnar er því í samræmi við það svarhlutfall sem kom út úr þjónustukönnun Arctic Adventures. Í spurningu fjögur voru viðkomandi aðilar beðnir um að svara til um á hvaða aldursbili þeir væru. Alls svöruðu 617 spurningu fjögur en það er 99,19% af heildarsvörun (tafla 6).

Tafla 6. Aldur – Heildarniðurstöður

Aldur	Fjöldi	Prósenta af heild
18 and younger	37	5,949%
18-24	112	18,006%
25-29	141	22,669%
30-34	133	21,383%
35-39	66	10,611%
40-44	27	4,341%
45-49	37	5,949%
50-54	39	6,270%
55-59	18	2,894%
60-64	5	0,804%
65 and older	2	0,322%
Ómerkt	5	0,804%
Heild	622	100%

Niðurstöðurnar koma ekki á óvart því AA eru að selja ævintýraferðir og hafa einbeitt sér að markhópnum 20 – 45 sem flestar niðurstöður hér liggja á milli. En 62,06% af heildarniðurstöðum liggja á aldursbilinu 18 til 34 ára. Athygli vekur að stórt hlutfall svarenda er á aldursbilinu 45 til 54 ára eða um 12,22%.

4 Heildarniðurstöður rannsóknar

Hér verður hver og ein spurning greind fyrir sig, fyrir utan tekjur sem fjallað verður um í kaflanum um þjóðerni. Markmiðið er að sjá heildarniðurstöður fyrir hverja og eina spurningu.

4.1 Ferð

Í fyrstu spurningu spurningalistans voru þátttakendur spurðir í hvaða ferð hann/hún væri (Tour name) Alls svöruðu 573 einstaklingar spurningunni Tour name, sem er 92,12% svörun (tafla 7).

Tafla 7. Ferð - Heildarniðurstöður

Heiti Ferðar (skammstafanir)	Fjöldi ferða	Prósenta af heild
Blue Ice (BI)	179	28,778%
Black and blue (BAB)	126	20,257%
Golden Grand Slam (GGS)	75	12,058%
Into the blue (ITB)	60	9,646%
Ómerkt ferð (ÓF)	49	7,878%
River Fun (RF)	43	6,913%
Highlights of the highlands (HOH)	32	5,145%
Blue Lava (BL)	12	1,929%
Beast of the East (BE)	11	1,768%
Fjord serenity (FS)	7	1,125%
Þórsmörk volcano Hike (ÞVH)	7	1,125%
Full Throttle (FT)	6	0,965%
Golden Circle Safari (GCS)	6	0,965%
Adventure weekend (AW)	2	0,322%
Fire Island Tour (FIT)	2	0,322%
Hot spring hunt (HSH)	2	0,322%
Iceland Elements (IE)	1	0,161%
Viking challenge (VC)	1	0,161%
Glacier Ride - summer (GR)	1	0,161%
Heild	622	100%

Vinsælustu ferðirnar eru samkvæmt þjónustukönnun Blue Ice og Black and Blue. Það er í samræmi við það sem búast hefði mátt við því þær ferðir eru með söluhæstu ferðum AA.

4.2 Þjóðerni

Í spurningu tvö voru þátttakendur spurðir að því af hvaða þjóðerni hann/hún væri. Alls svöruðu 608 aðilar spurningu tvö en það er 97,75% svörun (tafla 8).

Tafla 8. Þjóðerni - Heildarniðurstöður

Land	Fjöldi	Prósenta af heild
USA	223	35,852%
Canada	58	9,325%
UK	57	9,164%
Sweden	42	6,752%
Germany	33	5,305%
Netherland	24	3,859%
Norway	20	3,215%
Belgium	18	2,894%
Australia	17	2,733%
Denmark	16	2,572%
France	16	2,572%
Ómerkt land	14	2,251%
Spain	9	1,447%
Switzerland	7	1,125%
Iceland	6	0,965%
Ireland	6	0,965%
Italy	6	0,965%
Finland	5	0,804%
Austria	4	0,643%
Brazil	4	0,643%
Israel	4	0,643%
Scotland	4	0,643%
Japan	3	0,482%
Latvia	3	0,482%
Mexico	3	0,482%
Bahrain	2	0,322%
Greenland	2	0,322%
Hungary	2	0,322%
Argentina	1	0,161%
Chile	1	0,161%
China	1	0,161%
Greece	1	0,161%
India	1	0,161%
Korea	1	0,161%
New Zealand	1	0,161%
Philippines	1	0,161%
Polland	1	0,161%
Portugal	1	0,161%
Serbia	1	0,161%
Slovakia	1	0,161%
Turkey	1	0,161%
Vietnam	1	0,161%
Heild	622	100%

Frakkland og Danmörk voru síðustu löndin til að falla innan viðmiðsins fimmtán eða hærra. Athygli vekur að langmest svörun var frá þátttakendum frá Bandaríkjunum eða 223 sem er 35,85% af heildarþátttakendum.

4.3 Menntunarstig

Í spurningu fimm voru þátttakendur spurðir að því hvaða menntun hann/hún hefði. Svarmöguleikarnir voru þrír primary education, secondary education og higher education or university. Alls svöruðu 615 aðilar spurningu fimm eða 98,88% (tafla 9).

Tafla 9. Menntunarstig – Heildarniðurstöður

Menntun	Fjöldi	Prósenta af heild
Primary education	10	1,608%
Sceondary education	74	11,897%
Higer education or university	531	85,370%
Ómerkt	7	1,125%
Heild	622	100%

Niðurstöðurnar koma ekki á óvart enda hafði höfundur talið að fólk með hærri menntunarstig hefði meiri möguleika á að ferðast.

4.4 Frammistaða leiðsögumanna

Spurning 7 fjallaði um það hversu vel leiðsögumenn voru að standa sig í ferðum. Alls svöruðu 618 spurningu sjö eða 99,36% (tafla 10)

Tafla 10. Frammistaða leiðsögumanna – Heildarniðurstöður

	Fjöldi	Prósenta af heild
Terribly	0	0%
Poorly	0	0%
Average	10	1,608%
Good	138	22,186%
Excellent	470	75,563%
Ómerkt	4	0,643%
Heild	622	100%

Niðurstöðurnar komu ekki á óvart þar sem mikið er lagt upp úr að hver leiðsögumaður hafi tilskylda menntun eða réttindi til að geta stjórnað viðkomandi ferðum. Það er greinilegt að leiðsögumenn AA eru að standa sig vel og lítið sem hægt var að setja út á.

4.5 Þjónusta – frá bókun til lok ferðar

Spurning átta fjallaði um hversu ánægðir/óánægðir viðskiptavinir hefðu verið með þjónustuna sem þeir fengu frá bókun þar til ferð var lokið. Alls svöruðu 614 spurningu átta eða 98,71% (tafla 11)

Tafla 11. Þjónusta – frá bókun til lok ferðar – Heildarniðurstöður

	Fjöldi	Prósenta af heild
Terribly	1	0,161%
Poorly	0	0,000%
Average	22	3,537%
Good	217	34,887%
Excellent	374	60,129%
Ómerkt	8	1,286%
Heild	622	100%

Niðurstöðurnar eru í samræmi við svörun úr spurningu sjö. Viðskiptavinir eru almennt ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu frá AA. Allt frá bókun til ferðarinnar sjálfrar. Það er greinilegt að bæði bókunardeild og leiðsögumenn voru að standa sig vel og lítið hægt að setja út á þennann lið.

4.6 Væntingar til ferðar

Viðskiptavinir voru beðnir um að lýsa skoðun sinni á því hvort ferðin hafi uppfyllt væntingar þeirra. Alls svöruðu 616 spurningu níu eða 99,04% (tafla 12).

Tafla 12. Væntingar til ferðar – Heildarniðurstöður

	Fjöldi	Prósenta af heild
Not at all	3	0,482%
Poorly	3	0,482%
More or less	34	5,466%
Well	340	54,662%
Exceeded my expectations	236	37,942%
Ómerkt	6	0,965%
Heild	622	100%

Niðurstöðurnar eru í samræmi við það sem hefði mátt búast við fyrirfram eða að ferðir sem AA bjóða upp á samræmast því sem auglýst er í bæklingnum. 54,66% segja að ferðin hafi uppfyllt væntingar sínar og áhugavert er að sjá að 37,94% segja að ferðin hafi farið fram úr væntingum sínum. Einungis 6,43% sögðu að ferðin hafi samræmst væntingar sínar að hluta, illa eða alls ekki. Áhugavert er að sjá að í spurningum sjö, átta

og níu eru viðskiptavinir almennt ánægðir eða mjög ánægðir með ferðir og þá þjónustu sem þau fengu hjá AA.

4.7 Upplýsingar um ferðasala

Í spurningu ellefu voru viðskiptavinir beðnir um að segja hvar þeir höfðu heyrt af AA. Alls svöruðu 598 eða 96,14% spurningu ellefu (tafla 13).

Tafla 13. Upplýsingar um ferðasala – Heildarniðurstöður

	Fjöldi	Prósenta af heild
Other internet website	118	18,971%
The operators homepage	105	16,881%
Other	90	14,469%
Tourist info	80	12,862%
Family/friends	66	10,611%
Hotel lobby	41	6,592%
The operators booking center	36	5,788%
Travel guides (e.g. Lonely Planet)	34	5,466%
Ómerkt	24	3,859%
Other magazine/newspaper	15	2,412%
Tourism Board	7	1,125%
Fairs (e.g. Tourism Fair)	3	0,482%
Inflight magazine	3	0,482%
Heild	622	100%

Áhugavert er að sjá að 35,85% heyrðu af AA var í gegnum netið. Sú niðurstaða gefur til kynna að þegar viðskiptavinir AA eru búnir að ákveða ferðalag til Íslands, fara þeir að leita eftir afþreyingu til að stunda á meðan dvöl þeirra stendur.

Áhugavert er að sjá að 38% koma hingað vegna vina/ættingja og vegna fyrri heimsókna. Samkvæmt niðurstöðum úr þjónustukönnun AA eru 10,61% sem segja að þeir hafi heyrt um Arctic Adventures í gegnum vini og ættingja. Ef litið var til þjónustustigs í því sambandi var greinilegt að AA voru að standa sig vel þegar kemur að því að þjónusta viðskiptavini sína. En meirihluti þeirra sem svöruðu þjónustukönnuninni voru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu frá AA. Höfundur heyrði frá einum kúnna að vefsíða AA væri mjög þægileg til afnota. Að vefsíðan væri einföld uppsett svo að kúnni gæti auðveldlega fundið ferð við hæfi. Svo þegar kúnni væri búinn að velja ferð við hæfi væru ýtarlegar upplýsingar um hvað viðkomandi þurfi að hafa meðferðis, hvernig ferðin væri uppbyggð og svo framvegis.

Svo voru 90 eða 14,47% sem svöruðu að þeir hefðu heyrt um AA með öðrum hætti (tafla 14). En þær voru;

Tafla 14. Upplýsingar um ferðasala – Annað – Heildarniðurstöður

Abbhe traveling Agency	Internet
Agency	Internet website - Vulkanresor
Arctic adventures guide at campsite	Julia Bradby UK TV
BBC television programme	Liberty travel
BBC Tourism show	Nordic visitor.com
Black Feather	Our tour guide
Booked through agency (Great Canadian travel)	Own operator
Booking centre/travel agent in the Netherlands	Personel Recommendation
Brochure	Random walk by
Brochure arctic adventures	Reykjavík Grapvine
Casterbridge tour Co	School trip
Directly through operator homepage	Teacher
Employee at Arctic adventures	The magazine Outsite (Sweden)
Exstreme Iceland	Travel adventures
Friend	Travel agency
Friend booked	Travel agency
Friend booked through internet	Travel agency
Frummer´s Guide	Travel agency in Sweden
G.J. Travel	Travel agent
Google	Travel agent
Google	Travel agent
Google	Travel agent
Google Search	Travel agent booked activities
Google Search	Travel agent in UK
Google Search	Trip advisor
Gossip	Uk Travel Company
Grayline	Uk Travel Company
Green adventure	US Tour Co
Hestasport	Us tour company (Horses North)
Horses North	USA agent- Distant Journey´s + Fjallabak company
Horses North	USA tour company that has visit your company
Horses North (part of Viking Challenge)	Walk By
Hostel lobby	Walk in
I was walking by	Wife booked
Ice adventure (from Germany)	Work for the company
ijslandreizen.be	Ysland specialist (In the Netherlands)
	Ysland specialist (In the Netherlands)

Það er nokkrir sem segja að þeir hafi heyrt um AA í gegnum leitarvélina Google. En áhugavert er að sjá að margir eru að heyra af AA í gegnum aðrar ferðaskrifstofur. Þetta er áhugaverð niðurstaða og vert fyrir AA að skoða þennan flöt nánar. Það er greinilegt að hægt væri að auka framlegð við fyrirtækið með því að auka við og halda í ferðaskrifstofur sem eru í samstarfi við AA.

4.8 Bókun ferðar

Í spurningu tólf voru viðskiptavinir Arctic Adventures beðnir um að skrá niður hvar þeir höfðu bókað ferðina sem þeir fóru í með fyrirtækinu. Alls svöruðu 593 eða 95,34% spurningu tólf (tafla 15).

Tafla 15. Bókun ferðar – Heildarniðurstöður

	Fjöldi	Prósenta af heild
Through the internet (other)	123	19,775%
Through the internet at a travel organistation in country of residence	102	16,399%
In destination country directly at the tour operator	92	14,791%
In destination country through an intermediary (travel agency)	90	14,469%
By Telephone (through call centre)	67	10,772%
Other	45	7,235%
In person at a travel organisation in country of residence	40	6,431%
Through the internet at a travel organisation in destination country	34	5,466%
Ómerkt	29	4,662%
Heild	622	100%

19,78% segjast hafa bókað ferðina sem þeir fóru í hjá AA í gegnum netið. Næst flest svörun var 16,39% en þar sögðust viðskiptavinir hafa bókað ferð sína í gegnum ferðaskrifstofu á internetinu í heimalandi sínu. Er þetta í samræmi við niðurstöðu úr spurningu ellefu en þar er fólk að bóka í gegnum ferðaskrifstofu í heimalandi sínu. Áhugavert er að skoða næstu tvær niðurstöður. En þar kemur fram að 14,79% segjast hafa bókað beint frá AA sem gefur til kynna, miðað við spurningu ellefu að viðskiptavinir hafi fyrst aflað sér upplýsinga í gegnum netið en svo bókað beint frá AA. Viðskiptavinir AA eru því í felstum tilfellum að bóka ferðir eftir að þeir hafi afla sér upplýsinga um fyrirtækið í gegnum netið eða aðrar leiðir. Líkt og fyrri spurningin gefur til kynna þar sem 14,47% segjast hafa bókað ferð með AA í gegnum ferðaskrifstofu/þjónustuaðila á Íslandi (tafla 15).

7,24% segjast hafa bókað ferð með AA með öðru leiðum en þær voru samkvæmt töflu 16;

Tafla 16. Bókun ferða – Annað – Heildarniðurstöður

At the hostel Rey DT	Telephone in UK
By email	By telephone at a travel organisation in contry of residence
hostel	ijslandreizen.be
Phoned arctic adventures	By email
Vulkan Reiser	In destination country at campsite (Reykjavík office)
Nordic Visitor	Tourist info in Iceland
Black Feather	Through Vulkan travel from Sweden
Over phone in resident country	Vulkan Reiser
Tourist information	In hotel
Exstreme Iceland	Hestasport
Through USA Travel agent	Someone at the hostel made the booking by phone
through internet tour operator homepage	Horses North from New York
Tourist information center	Iceland Excursions
Phoned tour operator directly from country of residence	School
In destination country by telephone call center	Tourism Information
While in Iceland I called the call center from my hotel in Reykjavík	Company website
Grayline	G.J. Travel
Iceland tourist info	Over phone with travel agent (after seen on internet)

Þetta er í samræmi við niðurstöðurnar að framan. Fólk er að bóka í gegnum ferðaskrifstofur.

4.9 Lengd dvalar

Í spurningu þrettán voru viðskiptavinir beðnir um að segja hversu lengi þeir dveldu á Íslandi. Alls svöruðu 598 eða 96,14% spurningu þrettán (tafla 17).

Tafla 17. Lengd dvalar – Heildarniðurstöður

	Fjöldi	Prósenta af heild
7 days or less	293	47,106%
8-14 days	250	40,193%
15-21 days	37	5,949%
22-30 days	3	0,482%
1 to 2 months	0	0%
2 months or more	15	2,412%
Ómerkt	24	3,859%
Heild	622	100%

Niðurstöðurnar koma ekki á óvart því fyrirfram var búist við því að dvöl erlendra ferðamanna væri stutt á Íslandi. Er þetta í samræmi við niðurstöður sem Ferðamálaskrifstofa (2011) komst að.



Mynd 3. Dvalarlengd - flokkuð (%)

Samkvæmt mynd 3 þá var meðaldvalarlengd erlendra ferðamanna á Íslandi 5,9 nætur að vetri en 10,4 nætur að sumri. Ríflega tveir af hverjum fimm gista eina til þrjár nætur að vetri og tveir af hverjum fimm fjórar til sjö nætur. Tveir af hverjum fimm sumargestum gista hins vegar átta til fjórtán nætur og tæplega þriðjungur fjórar til sjö nætur. Er þetta í samræmi við niðurstöður úr þjónustukönnun AA. En 87,29% eru að gista 1 til 14 nætur.

4.10 Tegund gistingar

Í fjórtándu spurningu voru viðskiptavinir beðnir um að merkja við þá gistingu sem þeir dvöldu lengst í. Alls svöruðu 603 eða 96,95% spurningu fjórtán.

Tafla 18. Gisting – Heildarniðurstöður

	Fjöldi	Prósenta af heild
Average class hotel (up to and including 3 stars)	146	23,473%
Hostel	115	18,489%
Luxury hotel (4 and 5 stars)	107	17,203%
Apartment/bungalow	78	12,540%
Guesthouse	74	11,897%
Camper /caravan/ tent	34	5,466%
Ómerkt	27	4,341%
Private home/ villa	22	3,537%
Other	19	3,055%
Heild	622	100%

23,47% segjast hafa gist á hóteli sem var allt að þremur stjörnum. Áhugavert er að sjá að 18,49% gistu á hosteli. Þá er vert að skoða hvort sá hluti hafi komið frá Reykjavík Backpackers en bókunarkerfi AA er beintengt við Reykjavík Backpackers. Starfsmenn Reykjavík Backpakcers eru einnig þjálfaðir sérstaklega í að bóka ferðir fyrir AA (tafla 18).

Tafla 19. Tegund gistingar - annað – Heildarniðurstöður

Navy ship	Hotel 66
Backpackers	With Friends
Drumbó	Student housing
Farms	Staying by a employee of Arctic

4.11 Fjöldi ferðafélaga

Í spurningu fimmtán voru viðskiptavinir beðnir um að merkja við hversu margir aðilar voru að ferðast með þeim við dvöl þeirra á Íslandi. Alls svöruðu 600 eða 94,46% spurningu fimmtán.

Tafla 20. Fjöldi ferðafélaga – Heildarniðurstöður

	Fjöldi	Prósenta af heild
0 persons	96	15,434%
1 person	283	45,498%
2 persons	55	8,842%
3 persons	48	7,717%
4 persons	38	6,109%
5 persons or more	80	12,862%
Ómerkt	22	3,537%
Heild	622	100%

En þar eru flestir að ferðast með maka. Svo er einnig vert að hafa í huga að í ferðir með AA er lágmark að tveir eða fleiri séu að bókaðir í ferð, annars er hún ekki farin. Því er áhugavert að sjá að 15,43% ferðast einir eða fara einir í ferðir með AA. Það gefur vísbendingu um að sölufólk AA eru duglegt að koma fólki að í ferðir og einnig skal gefa gaum af því að það eru fleiri sem ferðast yfir sumartímann heldur en vetrartímann á Íslandi. Því ætti að vera auðveldara að fara í ferðir yfir sumartímann þar sem fleiri eru að bóka ferðir (tafla 20).

4.12 Áhugasvið

Í sextándu spurningu voru viðskiptavinir beðnir um að velja þær þrjár ferðir sem höfðuðu mest til þeirra. Tilgangur spurningarinnar var að sjá hvar áhugi viðskiptavina lægi og hvort hægt væri að greina milli landa og ferða. Ákveðið var að blanda saman spurningu tíu og spurningu sextán svo hægt væri að sjá hvað fólk væri að bóka aukalega með þeirri ferð. Einnig voru teknar fyrir hversu margar ferðir viðskiptavinir Arctic Adventures væru að bóka með þeirri ferð sem þeir voru í.

Tafla 21. Áhugasvið - Heildarniðurstöður

Ferð	Fjöldi	Prósenta af heild
Rafting	260	13,306%
Glacier hike	237	12,129%
Ice climbing	165	8,444%
Snorkeling	154	7,881%
Ómerkt	138	7,062%
Caving	121	6,192%
Hiking	121	6,192%
Horse riding	117	5,988%
Kayaking	104	5,322%
Snowmobile	101	5,169%
Whale watching	74	3,787%
ATV	72	3,685%
Diving	72	3,685%
Super-jeep	66	3,378%
Sightseeing	52	2,661%
Biking	45	2,303%
Canoeing	31	1,586%
Boat trip	22	1,126%
Incentive	2	0,102%
Heild	1954	100%

Það kemur ekki á óvart að rafting er efst á lista en 13,31% segjast vilja fara með rafting og er AA byggt upp á rafting (tafla 21).

Þær ferðir sem voru bókaðar aukalega voru;

Tafla 22. Bókaðar ferðir – Aðrar – Heildarniðurstöður

Heiti ferðar	Fjöldi	Prósenta af heild
Rafting	72	15,270%
Black and blue	48	10,180%
Golden grand slam	34	7,211%
Fjord serenity	27	5,726%
Blue Ice	26,5	5,620%
Hot spring Hunt	26	5,514%
Horseback riding	25	5,302%
Fire Island Exploring tour	16	3,393%
Blue Lagoon	15	3,181%
Glacier Hiking	15	3,181%
Hiking	15	3,181%
Whale watching	14,5	3,075%
Snorkling	13	2,757%
Golden circle	10	2,121%
Caving	9	1,909%
ATV	8	1,697%
Beast of the east	8	1,697%
5 day multitour	7	1,485%
Snowmobile	7	1,485%
Glacier grand slam	5	1,060%
Þórsmörk volcano hike	5	1,060%
Ice climbing	4	0,848%
U Drive	4	0,848%
White Giant,	4	0,848%
Biking	3	0,636%
Diving	3	0,636%
Hekla	3	0,636%
Into the blue	3	0,636%
Super - Jeep	3	0,636%
Boat trip	2	0,424%
Canoeing	2	0,424%
Golden circle + snowmobile,	2	0,424%
Golden Circle superjeep selfdrive	2	0,424%
I Voyager	2	0,424%
Sea angling	2	0,424%
Sightseeing	2	0,424%
Volcano hike	2	0,424%
About 7 - Mostly w/ horseback riding	1	0,212%
Adventure weekend	1	0,212%
Alpine Iceland	1	0,212%
City tour	1	0,212%
Full throttle	1	0,212%
Glacier Lagoon	1	0,212%
Golden Circle	1	0,212%
Golden circle /snorkling	1	0,212%
Golden circle + caving	1	0,212%
Golden Circle + Icecap	1	0,212%
Golden Circle glaicier	1	0,212%
Golden circle horse	1	0,212%
Heritage tour,	1	0,212%
Highlights of the highlands	1	0,212%
Iceland underground	1	0,212%
Landmannalaugar	1	0,212%
Safari south	1	0,212%
Silent highland	1	0,212%
Skaftafell Glacier Tour	1	0,212%
South to Þórsmörk/ Platinum 3 in one	1	0,212%
U-drive + glacier climbing	1	0,212%
Wall of ice	1	0,212%
Snæfellsnes	0,5	0,106%
	471,5	100%

Þar sem merkt var með 0,5 hafði viðskiptavinur merkt að hann ætlaði kannski að fara í þá ferð. Alls voru 471,5 aðrar ferðir bókaðar, þrjár vinsælustu ferðirnar voru rafting, Black and Blue og Golden Grand Slam. Fjord Serenity lenti í fjórða sæti með 5,73% sem er mjög áhugavert þar sem einungis sjö þátttakendur svöruðu fyrir þá ferð (tafla 22).

Tafla 23. Hversu margar ferðir aukalega viðskiptavinir fóru í

Fjöldi Ferða	Fjöldi	Prósenta af heild
Ein ferð	181	29,100%
Tvær ferðir	69	11,093%
Þrjár ferðir	23	3,698%
Fjórar ferðir	14	2,251%
Fimm ferðir	2	0,322%
Sex ferðir	2	0,322%
Sjö ferðir	2	0,322%
Átta ferðir	3	0,482%
Tólf ferðir	1	0,161%
Ómerkt	325	52,251%
Heild	622	100%

Söludeild AA er að standa sig vel þar sem 47,75% sögðust hafa farið í aðra ferð með AA. Langflestir eru að fara í eina ferð aukalega eða 29,1% (tafla 23).

5 Þjóðerni

Hér verða lönd/þjóðerni tekin fyrir sem höfðu tölugildið fimmtán eða hærra. Niðurstöðum var skipt niður eftir löndum og breytan sem haft var sem viðmið var Tour name. Markmiðið var að sjá heildarniðurstöður fyrir hverja og eina spurningu. Þar sem aðalskýribreytan var þjóðerni og undirskýribreytan var ferð.

Tafla 24. Þjóðerni

Land	Fjöldi	Prósenta af heild
Australia	17	3,244%
Belgium	18	3,435%
Canada	58	11,069%
Denmark	16	3,053%
France	16	3,053%
Germany	33	6,298%
Netherlands	24	4,580%
Norway	20	3,817%
Sweden	42	8,015%
UK	57	10,878%
USA	223	42,557%
Heild	524	100%

Farið verður yfir hvert land sérstaklega og veitt var sérstök athygli að því hvort hægt væri að sundurgreina áhugasvið þátttakenda út frá þjóðerni. Breytan sem sett var við hverja spurningu voru ferðirnar. Það er, í hvaða ferðir löndin voru að sækjast. Alls lentu innan viðmiðsins 524 svör eða 84,24% af þeim 622 sem svöruðu spurningalistanum. Löndin verða tekin fyrir í stafrófsröð (tafla 24).

5.1 Ástralía

Sautján þátttakendur voru frá Ástralíu eða 3,24% af þeim ellefu löndum sem skoðuð voru sérstaklega. Alls voru 10 karlmenn eða 58,8% sem tóku þátt í þjónustukönnun AA, 5 konur eða 29,4% og tveimur var ósvarað eða 11,8%. Þegar skoðað er hverjar vinsælustu ferðirnar hjá körlum eru, er Blue Ice hæst með 23,53%. Hæst hjá konunum er Into the Blue með 11,77% (tafla 25). Tekið skal fram að þar voru tvær merktar niðurstöður. Í aðrar ferðir dreifðist nokkuð jafnt milli karla og kvenna.

Tafla 25. Kyn - Ástralía (%)

	Karl	Kona	Ómerkt
Black and Blue		5,882%	5,882%
Blue Ice	23,529%		
Fjord Serenity	5,882%	5,882%	
Full Throttle	5,882%		
Highlihts of the Higlands	5,882%	5,882%	
Into the blue	5,882%	11,765%	5,882%
Ómerkt ferð	11,765%		
Heild	58,824%	23,529%	5,882%

Þegar skoðað var á hvaða aldursbili fólk var að lenda þá lentu flestir í þremur efstu eða;

Tafla 26. Aldur - Ástralía

	18-24	25-29	30-34	35-39	40-44	50-54	55-59	Heild
BAB			2					2
BI		2	2					4
FS						1	1	2
FT	1							1
HOH	1				1			2
ITB		2		1	1			4
ÓF	2							2
Prósenta af heild	23,529%	23,529%	23,529%	5,882%	11,765%	5,882%	5,882%	1

70,59% lenda á þremur efstu aldursbilunum, sem kemur ekki á óvart. En áhugavert er að sjá að aldursbil Ástrala er nokkuð jafn þegar komið er í 35 ára og eldri. Það kemur höfundi nokkuð á óvart þar sem langt er til Ástralíu og höfundur hafði búist við því að flestir sem kæmu frá Ástralíu væru í yngri kantinum.

Þegar horft er eftir aldri þá eru tvær ferðir sem stinga á stúf. En það eru Fjord Serenity með tvo merkta, einn í 50 til 54 og einn í 55 til 59 ára. Það er mjög áhugavert þar sem hún er sjókayaksferð. Hin ferðin er Highlights of the Highlands, en þar var einn merktur í 18 til 24 ára og hin í 40 til 44 ára. En í báðum tilfellum virðist sem aðilarnir hafi verið að ferðast á eigin vegum (tafla 26). Þegar horft er á menntun kemur ekki á óvart að menntun þeirra er í hærri kantinum en 82,4% segja að þeir séu með háskólagráðu eða hærri menntun og 11,8% segjast vera með annars stigs menntun.

5.1.1 Tekjur

Meðaltekjur Ástrala sem bæði starfsmenn í einka- og ríkisgeiranum höfðu miðað við í ágúst 2011, voru 62.659 Ástralskir Dollarar (Australian Bureau of Statistics (ABS), 2011). Alls svöruðu 70,6% Ástrala spurningunni um hvað þeir höfðu í tekjur. Hæsta gildið úr þjónustukönnunin var 499.000 ASD, lægsta gildið var 23.000 ASD og meðaltal var 117.500 ASD. Alls voru 41,7% með tekjur undir meðaltali miðað við ABS, en 58,3% voru yfir meðaltali (2011). Skipt var niður í fimm hópa með hækkun upp á 50.000 ASD en niðurstöðurnar voru eftirfarandi samkvæmt töflu 27;

Tafla 27. Tekjur Ástrala

Tekjur	Fjöldi	Prósenta af heild
50000 og lægra	3	25,000%
50001 - 100000	6	50,000%
100001 - 150000	1	8,333%
150001 - 250000	1	8,333%
250001 - 500000	1	8,333%
Heild	12	100%

25% lenda á bilinu 50.000 ASD eða lægra, 50% eru með tekjur á milli 50.001 til 100.000 og 24,9% eru með tekjur 100.001 eða hærra.

5.1.2 Þjónustustig

Ástralir eru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu frá AA, en 82,35% segja að leiðsögumenn AA hafi staðið sig mjög vel og 17,64% segja að þeir hafi staðið sig vel. Þegar viðskiptavinir voru spurðir um hversu ánægðir/óánægðir þeir væru með þá þjónustu sem þeir fengu frá bókun þar til lok ferðar þá voru 64,7% sem sögðu að þeir væru mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir höfðu fengið. 35,3% sögðu að þeir væru ánægðir með þá þjónustuna sem þeir höfðu fengið frá bókun þar til lok ferðar. Það er

því greinilegt að Ástralir eru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu hjá AA. Þegar spurt var út í hvort ferðin hafi staðið undir væntingum. Sögðu 5,9% að hún hafi hvorki né staðið undir væntingum, 64,7% að hún hafi staðið undir væntingum, 29,4% sögðu að hún hafi farið fram úr þeirra væntingum. AA er því að standa sig vel hvað varðar almenna þjónustu við viðskiptavin frá Ástralíu.

5.1.3 Önnur greining

Eftirfarandi töflum verður svarað saman;

Tafla 28. Upplýsingar um ferðasala – Ástralía

	Family/ friends	Hotel lobby	Inflight magazine	The operators homepage	Other internet website	Tourist info	Other	Heild
BAB				1			1	2
BI			1			2	1	4
FS				2				2
FT						1		1
HOH	1						1	2
ITB		1		1	1		1	4
ÓF			1			1		2
Prósenta af heild	5,882%	5,882%	11,765%	23,529%	5,882%	23,529%	23,529%	100%

Tafla 29. Bókun ferðar – Ástralía

	By Telephone (through call centre)	In destination country directly at the tour operator	In destination country through an intermediary (travel agency)	Through the internet at a travel organistation in country of residence	Through the internet (other)	Other	Heild
BAB					1	1	2
BI	1	1	1		1		4
FS				1	1		2
FT		1					1
HOH		1	1				2
ITB			1		3		4
ÓF		1			1		2
Prósenta af heild	5,882%	23,529%	17,647%	5,882%	41,176%	5,882%	100%

Tafla 30. Tegund gistingar – Ástralía

	Appartment /bungalow	Average class hotel (up to and including 3 stars)	Hostel	Guesthouse	Other	Heild
BAB				2		2
BI	1	1	2			4
FS	2					2
FT		1				1
HOH		1			1	2
ITB		1	2	1		4
ÓF			1	1		2
Prósenta af heild	17,647%	23,529%	29,412%	23,529%	5,882%	100%

Tafla 31. Fjöldi ferðafélaga – Ástralía

	0 persons	1 person	2 persons	3 persons	4 persons	5 persons or more	Heild
BAB		1	1				2
BI	3					1	4
FS				1	1		2
FT	1						1
HOH	1	1					2
ITB		3	1				4
ÓF	1			1			2
Prósenta af heild	35,294%	29,412%	11,765%	11,765%	5,882%	5,882%	100%

Áhugavert er að sjá að þeir sem heyrðu af AA segjast hafa heyrt af fyrirtækinu í gegnum annað hvort heimasíðu fyrirtækisins eða hafa fengið upplýsingar í gegnum upplýsingamiðstöð fyrir erlenda ferðamenn. Highlights of the Highlands er áhugaverð því að annar aðilinn sem fór í ferðina sagðist hafa heyrt af ferðinni í gegnum vini og ættingja (tafla 28). Það er greinilegt að Ástralir eru að bóka í gegnum netið, en áhugavert er að sjá hversu margir eða 23,53% segja að þeir hafi bókað ferðina beint við söluborð AA við Laugarveg 11 (tafla 29).

Í 58,8% tilfella eru Ástralir að gista í 8 til 14 daga og í 41,2% tilfella eru þeir að gista 7 daga eða skemur. Það kemur ekki á óvart þar sem höfundur hafði búist við því að því lengra sem ferðast er frá heimaslóðum þeim mun lengra frí er tekið. Reyndar kom ein ferð höfundi á óvart en í Highlights of Highland virðist sem annar hafi viljað fara beint af landi brott þar sem hann var einungis í 7 daga eða skemur. Svo virðist sem hann hafi komið sérstaklega til landsins til að fara í ferðina.

Langflestir eru að gista á hosteli eða 29,41%. En það sem stingur hvað mest á stúf er að Ástralir eru ekki að gista að því virðist á dýrari gistingu, þ.e. enginn er að gista á 4 til 5 stjörnu hóteli (tafla 30). Það kemur ekki á óvart að langflestir eru að ferðast á eigin vegum eða einum öðrum aðila sem komu frá Ástralíu. Því hefði fyrirfram mátt við búast að þeir sem komu frá Ástralíu væru að ferðast í minni hópum (tafla 31).

5.1.4 Áhugasvið

Eftirfarandi þrjá töflur verða skoðaðar saman.

Tafla 32. Áhugasvið - Ástralía

Ferð	Fjöldi	Prósenta af heild
Rafting	9	17,308%
Glacier hike	7	13,462%
Snorkeling	7	13,462%
Hiking	4	7,692%
Snowmobile	4	7,692%
Caving	3	5,769%
Horse riding	3	5,769%
Kayaking	3	5,769%
ATV	2	3,846%
Diving	2	3,846%
Ice climbing	2	3,846%
Ómerkt	2	3,846%
Biking	1	1,923%
Canoeing	1	1,923%
Sightseeing	1	1,923%
Super-jeep	1	1,923%
Boat trip	0	0,000%
Incentive	0	0,000%
Whale watching	0	0,000%
Heild	52	100%

Rafting vekur mestan áhuga hjá Áströlum með 17,3%

Tafla 33. Bókaðar ferðir – Aðrar – Ástralía

Heiti ferðar	Fjöldi	Prósenta af heild
Rafting	3	20,000%
Fjord Serenity	2	13,333%
Golden grand slam	2	13,333%
Hiking	2	13,333%
Blue Ice	1	6,667%
Glacier hike	1	6,667%
Golden Circle	1	6,667%
Blue Lagoon	1	6,667%
Rafting	1	6,667%
Volcano hike	1	6,667%
Heild	15	100%

Tafla 34. Fjöldi pantaðra ferða - Ástralía

Fjöldi Ferða	Fjöldi	Prósenta af heild
Ein ferð	4	23,529%
Tvær ferðir	4	23,529%
Þrjár ferðir	1	5,882%
Ómerkt	8	47,059%
Heild	17	100%

Rétt yfir helmingur Ástrala er að fara í aðrar ferðir (tafla 34). Sú ferð sem fékk langflesta svörun í Tour name, var Blue Ice. Þegar svarendur voru beðnir um að segja hvaða ferðir þeir telji að höfði mest til þeirra var rafting í efsta sætinum. Það kom því ekki á óvart að rafting væri sú ferð sem Ástralar væru helst að bóka. Tvær aðrar ferðir fengu jafn mikla svörun en það var Snorkling og Glacier hike (tafla 32). Það er nokkuð í samræmi við það sem bókað var af svarendum. En 33,33% höfðu bókað í gönguferð með AA með einum eða öðrum hætti (tafla 33). Reyndar kom fram að enginn hafði bókað aðra ferð í snorkling. En þá er rétt að skoða hvaða ferðir voru þegar bókaðar með AA. En þá voru 2 bókaðir í Black and Blue og fjórir í Into the Blue. Það er því spurning hvort að þeir Ástralar sem bókuðu ferð með AA og svöruðu spurningalistanum, hafi svarað fleiri en tveimur.

5.2 Belgía

Áttján þátttakendur voru frá Belgíu eða 3,44% af þeim ellefu löndum sem skoðuð voru sérstaklega. Alls voru átta karlmenn eða 44,44% og sex konur eða 33,33% sem tóku þátt í þjónustukönnun AA. Af þeim voru fjórar ósvaraðar eða 22,22%. Blue Ice er vinsælasta ferðin bæði hjá konum og körlum. Athygli vekur að einungis voru þrjár ferðir sem Belgar voru að sækjast í (tafla 35).

Tafla 35. Kyn -Belgía (%)

	Karl	Kona	Ómerkt	Prósenta af heild
Blue Ice	6	4	3	72,222%
Golden Grand Slam		1		5,556%
Ómerkt ferð	2	1		16,667%
River Fun			1	5,556%
Heild	8	6	4	100%

Tafla 36. Aldur – Belgía

	18-24	25-29	30-34	40-44	45-49	Heild
Blue Ice	6	4	3			13
Golden Grand Slam		1				1
Ómerkt ferð		1	1		1	3
River Fun				1		1
Prósenta af heild	33,333%	33,333%	22,222%	5,556%	5,556%	100%

Það kom höfundi ekki á óvart að 77,8% voru með háskólagráðu eða hærri menntun og 22,2% voru með annars stigs menntun.

Tekjur verða ekki teknar fyrir sérstaklega hjá Belgum þar sem 77,78% svöruðu ekki spurningunni um tekjur. Taldi höfundur það gefa mjög bjagaða mynd ef kafað yrði sérstaklega í tekjur Belga.

5.2.1 Þjónustustig

Belgar voru mjög ánægðir með þann leiðsögumann sem þeir höfðu í ferð sinni. En 94,4% segja leiðsögumaður sinn hafi staðið sig mjög vel og 5,6% segja að hann hafi staðið sig vel. Þegar Belgar voru beðnir um að svara því hversu ánægðir/óánægðir þeir hefðu verið þjónustuna sem þeir fengu frá bókun þar til lok ferðar sögðu 50% að þeir væru ánægðir með þá þjónustuna sem þeir fengu. 44,4% sögðu að þeir hafi verið mjög ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu en 5,6% var ósvarað. Þegar Belgar voru spurðir út í það hvort

ferðin sem þeir fóru í hafi staðið undir væntingu sögðu 77,8% að ferðin hafi staðið undir væntingum. 22,2% sögðu svo að ferðin hafi farið fram úr þeirra væntingum. Belgar eru því almennt mjög sáttir við þá þjónustu sem þeir fá hjá AA.

5.2.2 Önnur greining

Eftirfarandi töflum verður svarað saman;

Tafla 37. Upplýsingar um ferðasala – Belgía

	BI	GGS	ÓF	RF	Prósenta af heild
Other magazine/newspaper		1			5,556%
The operators booking center	3		1		22,222%
The operators homepage	2			1	16,667%
Other internet website	1				5,556%
Tourist info	1				5,556%
Travel Guides (e.g. Lonley Planet)	1				5,556%
Other	5		1		33,333%
Ómerkt			1		5,556%
Heild	13	1	3	1	100%

Tafla 38. Bókun ferðar – Belgía

	BI	GGS	ÓF	RF	Prósenta af heild
In destination country directly at the tour operator	1			1	11,111%
In destination country through an intermediary (travel agency)	1				5,556%
In person at a travel organistation in country of residence	3		2		27,778%
Through the internet at a travel organisation in country of residence	7	1			44,444%
Other	1				5,556%
Ómerkt			1		5,556%
Heild	13	1	3	1	100%

Tafla 39. Tegund gistingar – Belgía

	Average class hotel (up to and including 3 stars)	Hostel	Ómerkt	Heild
BI	1	12		13
GGS		1		1
ÓF		2	1	3
RF	1			1
Prósenta af heild	11,111%	83,333%	5,556%	100%

Tafla 40. Fjöldi ferðafélaga – Belgía

	0 persons	1 person	2 persons	5 persons or more	Ómerkt	Heild
BI	1		1	11		13
GGS		1				1
ÓF		1		1	1	3
RF		1				1
Prósenta af heild	5,556%	16,667%	5,556%	66,667%	5,556%	100%

Athygli vekur að Belgar eru almennt ekki að leita upplýsinga um AA á netinu. Einungis fjórir aðilar segjast hafa fundið upplýsingar um AA á netinu. Belgar eru helst að finna upplýsingar í gegnum aðila sem eru með upplýsinga borð líkt og söludeild AA við Laugarveg 11 (tafla 37). Nú vekur athygli höfundar hversu margir bóka í gegnum netið hjá ferðaþjónustuaðila í heimalandi sínu. En það er greinilegt að Belgar eru ekki mikið að bóka ferðir hjá AA sjálfir, heldur eru þeir að notast við önnur ferðaþjónustufyrirtæki til að bóka ferðir í gegnum AA. Höfundur telur því að Belgar séu almennt ekki að leita uppi ævintýraferðir á eigin vegum heldur notast þeir við hjálp frá öðrum eða þriðja aðila þar sem engin af niðurstöðum bendir til þess að Belgar séu almennt að leita sér upplýsinga í gegnum netið sjálfir, hvað þá að bóka þar ferðir (tafla 38).

Helmingur Belga eru að gista hér á landi í sjö daga eða skemur. 44,4% segja að þeir séu að gista á Íslandi í 8 til 14 daga og 5,6% var ómerkt. Þetta er í samræmi við það sem höfundur hefði haldið. Að Evrópubúar (fyrir utan Norðurlöndin) eru almennt að dvelja skemur á Íslandi. Athygli vekur að 83,3% segjast gista á hosteli og 11,1% segjast gista á hóteli sem er allt að þremur stjörnum, svo var 1 sem skilaði auðu. Belgar eru því almennt að leita sér að ódýrari gistingu (tafla 39). Athygli vekur að 66,7% segjast ferðast með 5 manneskjum eða fleiri. Þegar skoðuð var tafla 34 í sambandi við þetta kemur í ljós að þeir sem fóru í Blue Ice gistu allir á hosteli, fyrir utan einn aðila. Höfundur veltir því fyrir sér hvort sá tólf manna hópur hafi verið að ferðast saman og ákveðið að fara í hópferð í Blue Ice (tafla 40).

5.2.3 Áhugasvið

Eftirfarandi þrjár töflur verða skoðaðar saman.

Tafla 41. Áhugasvið - Belgía

Ferð	Fjöldi	Prósenta af heild
Rafting	12	20,690%
Kayaking	10	17,241%
Glacier hike	6	10,345%
Ice climbing	6	10,345%
Snorkeling	4	6,897%
Caving	3	5,172%
Super-jeep	3	5,172%
Ómerkt	3	5,172%
Horse riding	2	3,448%
Snowmobile	2	3,448%
Whale watching	2	3,448%
ATV	1	1,724%
Biking	1	1,724%
Boat trip	1	1,724%
Canoeing	1	1,724%
Sightseeing	1	1,724%
Diving	0	0,000%
Hiking	0	0,000%
Incentive	0	0,000%
Heild	58	100%

Tafla 42. Bókaðar ferðir - Aðrar - Belgía

Heiti ferðar	Fjöldi	Prósenta af heild
Rafting	9	24,324%
Fjord serenity	9	24,324%
Snorkling	4	10,811%
Hiking	3	8,108%
Blue Ice	2	5,405%
Golden grand slam	2	5,405%
Bike tour	2	5,405%
Hot spring hunt	2	5,405%
Caving	1	2,703%
Into the blue	1	2,703%
Multiday adventure package	1	2,703%
Horse backriding	1	2,703%
Heild	37	100%

Tafla 43. Fjöldi pantaðra ferða - Belgía

Fjöldi Ferða	Fjöldi	Prósenta af heild
Ein ferð	2	11,111%
Tvær ferðir	2	11,111%
Þrjár ferðir	4	22,222%
Fjórar ferðir	3	16,667%
Fimm ferðir	1	5,556%
Ómerkt	6	33,333%
Heild	18	100%

66,67% segjast hafa bókað aðrar ferðir að auki við þá ferð sem þeir fóru í (tafla 43). Athygli vekur að Belgar eru mjög samkvæmir sjálfum sér hvað varðar áhuga þeirra til ferða og hvaða ferðir þeir voru að panta. Þeir sögðu í 20,69% tilvika að rafting höfðaði mest til þeirra og rafting var sú ferð sem mest var bókuð. Þeir vilja næst mest fara á sjókayak og Fjord Serenity var sú ferð sem næst mest var bókuð hjá AA af Belgum (töflur 41 og 42).

5.3 Kanada

Fimmtíu og átta þátttakendur voru frá Kanada eða 11,07% af þeim ellefu löndum sem tekin voru fyrir. Áhugavert er að sjá að 28 konur svöruðu spurningalistanum (48,28%) og 19 karlmenn (32,76%). En hafa skal í huga að 11 ferðum var ósvarað eða 18,97%, þannig að sá möguleiki gæti hækkað annað hvort karlmenn eða kvennmenn (tafla 44).

Tafla 44. Kyn – Kanada

	Karl	Kona	Ómerkt	Heild
Blue Ice	8,621%	12,069%	6,897%	27,586%
Black and Blue	10,345%	5,172%	3,448%	18,966%
Golden Circle Safari		10,345%		10,345%
River Fun	1,724%	6,897%	1,724%	10,345%
Golden Grand slam	1,724%	5,172%	1,724%	8,621%
Into the Blue	1,724%		3,448%	5,172%
Ómerkt ferð	1,724%	3,448%		5,172%
Beast of the East	1,724%	1,724%		3,448%
Þórmörk volcano Hike	1,724%	1,724%		3,448%
Blue Lava			1,724%	1,724%
Fjord Serenity		1,724%		1,724%
Highlights of the Highlands	1,724%			1,724%
Viking Challenge	1,724%			1,724%
Heild	32,759%	48,276%	18,966%	100%

Vinsælasta ferðin var Blue Ice með 16 í heild eða 27,59% og þar á eftir kom Black and Blue með 11 eða 18,97%. River Fun er þriðja vinsælasta ferðin með sex í heild eða 10,35%. Lesanda er bent á að Golden Circle Safari verður ekki tekin fyrir sérstaklega í skýrslunni.

Tafla 45. Aldur – Kanada

	18-24	25-29	30-34	35-39	40-44	45-49	50-54	55-59	60-64	Heild
Beast of the East				2						2
Black and Blue	4	3	4							11
Blue Ice	4	4	2	4		1			1	16
Blue Lava	1									1
Fjord Serenity		1								1
Golden Circle Safari						1	4	1		6
Golden Grand slam	3	2								5
Highlights of the Higlands					1					1
Into the Blue		1	1	1						3
Ómerkt ferð	2	1								3
River Fun		2	2			1		1		6
Viking Challenge		1								1
Þórmörk volcano hike		2								2
Heild	24,138%	29,310%	15,517%	12,069%	1,724%	5,172%	6,897%	3,448%	1,724%	100%

Aldursbilið er að dreifast svipað og kom fram í heildarniðurstöðunum eða 68,97%. Þegar litið er til menntunar eru 98,3% með háskólagráðu eða hærri menntun og 1,7% eru með annars stigs menntun eða einn aðili. Niðurstöðurnar koma ekki á óvart, því fyrirfram hafði höfundur búist við því að fólk frá Norður – Ameríku væri með hærri menntun ef þeir ætluðu að leita út fyrir landsteinana (tafla 45).

5.3.1 Tekjur

Meðalskattur í Kanada var 23% miðað við ágúst 2011. Meðaltekjur fyrir skatt miðað við ágúst 2011 voru 38.745 Kanadískir dollarar (CAD) (Canada Revenue Agency (CRA). 2011). Svarhlutfall var 61,9%, þ.e. 42 svöruðu og 16 var skilað auðu. Hæstu tekjurnar voru 162.000 CAD, lægstu tekjurnar voru 8.000 CAD og meðaltalið var 60.905 CAD. Alls voru 16,67% undir meðaltalinu miðað við CRA og 83,33% voru með tekjur hærra en meðaltal frá CRA. En tekjur þeirra sem svöruðu könnun frá Kanada dreifðust sem hér segir;

Tafla 46. Tekjur – Kanada

Tekjur	Fjöldi	Prósenta af heild
25000 og lægra	4	9,524%
25001 - 50000	13	30,952%
50001 - 75000	16	38,095%
75001 - 100000	6	14,286%
100001 - 125000	0	0,000%
125001 - 150000	1	2,381%
150001 - 175000	2	4,762%
Heild	42	100%

Það kemur höfundi ekki á óvart að þeir sem koma frá Kanada hafi hærri tekjur en það meðaltal sem CRA gefur upp. Ef litið er til menntunar eru 98,3% með háskólagráðu eða hærri menntun. Ef litið er til þeirrar breytu hefði höfundur mátt búast við þeim niðurstöðum. Það lítur því út fyrir að þeir Kanadamenn sem eru að sækja Ísland heim séu vel menntaðir og hafi tekjur sem eru yfir meðaltali í heimalandi sínu (tafla 46).

5.3.2 Þjónustustig

Þegar Kanadamenn voru beðnir um að lýsa skoðun sinni á því hvernig leiðsögumenn AA hafi staðið sig var niðurstaðan eftirfarandi. 1,7% sagði að leiðsögumaðurinn hafi staðið sig að öllu jöfnu vel, 17,2% sagði að hann hafi staðið sig vel og 81% sagði að leiðsögumaðurinn hafi staðið sig mjög vel. Forsendan er hins vegar ekki marktæk miðað við 95% marktektarkröfu sem SPSS reiknar út. Þegar Kanadamenn voru beðnir um að lýsa skoðun sinni á því hvernig þjónustan hafði verið frá bókun til lok ferðar. Sögðu 3,4% að hún hafi að öllu jöfnu staðið undir væntingum, 25,9% sögðu að þjónustan hafi verið góð og 69% sögðu að þjónustan hafi verið mjög góð. Að auki var ein ómerkt. Forsenda var marktæk miðað við 95% marktektarkröfu sem SPSS reiknar út. Þegar Kanadamenn voru beðnir um að svara því hvort ferðin hafi staðið undir væntingum. Sögðu 1,7% að hún hafi bæði og staðið undi væntingum, 53,4% að hún hafi staðið undir væntingum og 44,8% að hún hafi farið fram úr þeirra væntingum

Niðurstöðurnar eru í samræmi við heildarniðurstöðurnar, þ.e. Kanadamenn eru almennt ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu frá AA. Forsendan er hins vegar ekki marktæk miðað við 95% marktektarkröfu sem SPSS reiknar út.

5.3.3 Önnur greining

Eftirfarandi töflum verður svarað saman;

Tafla 47. Upplýsingar um ferðasala – Kanada

	BE	BAB	BI	BL	FS	GCS	GGS	HOH	ITB	ÓF	RF	VC	ÞVH	Heild
Tourist info			1			6			2		2		2	22,414%
Other		1	7				2		1					18,966%
The operators homepage	2	3	1	1			1	1						15,517%
Hotel lobby		2	4		1		1							13,793%
Family/Friends											4	1		8,621%
Travel guides (e.g. Lonley Planet)		1	1							3				8,621%
The operator booking center		3	1											6,897%
Other Internet website		1	1				1							5,172%
Heild	2	11	16	1	1	6	5	1	3	3	6	1	2	100%

Tafla 48. Bókun ferðar – Kanada

	BE	BAB	BI	BL	FS	GCS	GGS	HOH	ITB	ÓF	RF	VC	ÞVH	Heild
By Telephone (through call center)		3	3				1		3		6			27,586%
In destination country directly at the tour operator		3	6	1	1									18,966%
In destination country through an intermediary (travel agency)	1	3	1							2			2	15,517%
In person at a travel organisation in country of residence	1	2	2			2	2							15,517%
Through the internet at a travel organisation in destination country			2				2	1		1		1		12,069%
Through the internet (other)						4								6,897%
Other			2											3,448%
Heild	2	11	16	1	1	6	5	1	3	3	6	1	2	100,00%

Tafla 49. Tegund gistingar – Kanada

	BE	BAB	BI	BL	FS	GCS	GGS	HOH	ITB	ÓF	RF	VC	ÞVH	Prósenta af heild
Luxury hotel (4 and 5 stars)	1	3	4				1				6			25,86%
Hostel		2	4	1	1	1	2		1	2				24,14%
Average class hotel (up to and including 3 stars)		2	3			5	1			1		1		22,41%
Guesthouse		1	3				1		2					12,07%
Appartment/bunalow	1	1						1					1	6,90%
Other		2											1	5,17%
Camper/caravan/tent			2											3,45%
Heild	2	11	16	1	1	6	5	1	3	3	6	1	2	100,00%

Tafla 50. Fjöldi ferðafélaga – Kanada

	BE	BAB	BI	BL	FS	GCS	GGS	HOH	ITB	ÓF	RF	VC	ÞVH	Prósenta af heild
0 persons		1	4	1	1		2		1					17,241%
1 person	1	10	11				3	1	2	2	2	1	2	60,345%
2 persons										1				1,724%
3 persons			1											1,724%
5 persons or more	1					6					4			18,966%
Heild	2	11	16	1	1	6	5	1	3	3	6	1	2	100%

Nokkuð jafnt skiptist milli þess að Kanadamenn séu að leita upplýsinga í gegnum netið og að þeir fái upplýsingar í gegnum upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Margir sögðust einnig hafa fundið upplýsingar um fyrirtækið í gegnum bæklinga. Miðað við þjónustustigið er einnig vert að gefa að því gaum hversu margir segjast hafa heyrt af fyrirtækinu í gegnum vini og ættingja (tafla 47). Mjög fáir Kanadamenn voru að bóka í gegnum internetið eða 18,97%. Langflestir voru að bóka í gegnum síma eða 27,59%. En áhugavert er að sjá að Kanadamenn eru helst að fá aðstoð við bókun á ferðum sínum. Þeir virðast vera að leita eftir upplýsingum á netinu en fá síðan utankomandi aðstoð við bókun (tafla 48).

Helmingur Kanadamanna eru að dvelja á Íslandi í 7 daga eða skemur og hinn helmingurinn dvelur í átta til fjórtán daga. Áhugavert er að sjá að fimmtán aðilar eða 25,86% dvelja á dýrari gistingu. Hostel er einnig mjög hátt eða 24,14%, (tafla 49). Ekki kemur á óvart að flestir Kanadamenn eru að ferðast með einum öðrum aðila eða 60,34%. Það er í samræmi við það sem höfundur hafði búist við. Höfundur gefur að því gaum að svo virðist sem fjölskyldufólk sé ekki að sækja Ísland heim frá Kanada. Golden Circle Safari voru vinkonu hópur á svipuðum aldri. En í River Fun eru fjórir sem skrá niður að þeir hafi verið að ferðast með fimm eða fleiri. Þegar viðkomandi merkja að þeir hafi verið að ferðast með fimm eða fleiri veltir höfundur því fyrir sér hvort það sé frekar hópur en fjölskylda (tafla 50).

5.3.4 Áhugasvið

Eftirfarandi þremur töflum verður svarað saman;

Tafla 51. Áhugasvið – Kanada

Ferð	Fjöldi	Prósenta af heild
Glacier hike	28	14,286%
Rafting	25	12,755%
Caving	18	9,184%
Ice climbing	17	8,673%
Hiking	16	8,163%
Snorkeling	15	7,653%
Kayaking	14	7,143%
Horse riding	11	5,612%
Sightseeing	9	4,592%
Biking	8	4,082%
Super-jeep	6	3,061%
ATV	5	2,551%
Boat trip	5	2,551%
Snowmobile	5	2,551%
Ómerkt	5	2,551%
Diving	3	1,531%
Whale watching	3	1,531%
Canoeing	2	1,020%
Incentive	1	0,510%
Heild	196	100%

Tafla 52. Bókaðar ferðir – Aðrar – Kanada

Heiti ferðar	Fjöldi	Prósenta af heild
Golden grand slam	7	17,073%
Fjord serenity	5	12,195%
Rafting	5	12,195%
Hiking	3	7,317%
Hot spring hunt	3	7,317%
Blue Ice	2,5	6,098%
Beast of the East	2	4,878%
Black and blue	2	4,878%
Fire Island	2	4,878%
Blue Lagoon	1	2,439%
Heritage tour	1	2,439%
Glacier Grand slam	1	2,439%
Caving	1	2,439%
Ice climbing	1	2,439%
Into the blue	1	2,439%
U-drive/glacier	1	2,439%
Spring walk	1	2,439%
Seightseeing	1	2,439%
Snæfellsnes	0,5	1,220%
Heild	41	100%

Tafla 53. Fjöldi pantaðra ferða – Kanada

Fjöldi Ferða	Fjöldi	Prósenta af heild
Ein ferð	19	32,759%
Tvær ferðir	8	13,793%
Þrjár ferðir	1	1,724%
Fjórar ferðir	1	1,724%
Sjö ferðir	1	1,724%
Ómerkt	28	48,276%
Heild	58	100%

Mjög áhugavert er að sjá að yfir helmingur er að fara í aðra ferð með AA, langflestir eru að fara í eina aðra ferð eða 32,76% (tafla 53). Jöklagöngur eru þær ferðir sem Kanadamanna vilja helst fara í eða 14,29% (tafla 51), það er í samræmi við þær ferðir sem skráðar voru niður í könnuninni. Rafting kemur þar á eftir eða 12,76% segjast vilja helst fara í rafting og er það í samræmi við þær ferðir sem pantaðar voru aukalega, Golden Grand Slam og Rafting. En einnig vekur áhuga höfundar að Fjord Serenity er var sú ferð sem átti fimm bókanir eða 12,19% af þeim auka ferðum sem pantaðar voru (tafla 52).

5.4 Danmörk

Sextán þátttakendur voru frá Danmörk eða 3,05% ef þeim ellefu löndum sem tekin voru fyrir. Alls komu frá Danmörk átta karlmenn eða 50%, sex konur eða 37,5% og tvö voru ómerkt eða 12,5%

Tafla 54. Kyn - Danmörk

	Karl	Kona	Ómerkt	Prósent af heild
Adventure Weekend	1	1		12,500%
Black and blue	2	1		18,750%
Blue Ice	1	1		12,500%
Blue Lava		1		6,250%
Fjord Serenity			1	6,250%
Highlights of the Highlands			1	6,250%
Into the Blue		1		6,250%
Ómerkt ferð	2	1		18,750%
River Fun	2			12,500%
Heild	8	6	2	100%

Vinsælasta ferðin var Black and Blue með 18,8% af heildarniðurstöðum (tafla 54).

Tafla 55. Aldur – Danmörk

	18 og yngri	18- 24	25-29	30-34	35-39	45-49	50-54	Ómerkt	Heild
AW		2							2
BAB			1		2				3
BI				2					2
BL				1					1
FS		1							1
HOH					1				1
ITB		1				1		1	3
ÓF		1							1
RF	1						1		2
Prósenta af heild	6,250%	31,250%	6,250%	18,750%	18,750%	6,250%	6,250%	6,250%	100%

Ekki kemur á óvart að flestir eru á aldursbilinu 18 til 24 ára. Það er í samræmi við það sem höfundur hafði talið fyrirfram. En áhugavert er að sjá að 18,8% eru að aldursbilinu 35 til 39 ára. Ekki kom á óvart að menntun dreifðist á öll menntunarstig þar sem einn þátttakandi var 18 ára eða yngri. Að öðru leyti voru flestir með háskólagráðu eða hærri menntun eða 50% og 37,5% voru með annars stigs menntun (tafla 55).

5.4.1 Tekjur

Alls svöruðu 10 eða 62,5% þátttakend hverjar heildartekjur þeirra höfðu verið fyrir skatt. Meðaltekjur í Danmörk miðað við árið 2009 voru 417.032 DKr (European Commission. Eurostat, 2011). Þegar sett voru efri og neðri mörk miðað við meðaltal tekna þá voru 60% sem voru undir meðallaunum og 40% voru yfir. Hæstu tekjurnar voru 600.000 Dkr, lægstu voru 100.000 DKr og meðaltekjur voru 313.500 Dkr. Það kemur höfundi ekki á óvart þar sem flogið er reglulega milli Íslands og Danmerkur og verðið því lægra heldur en á milli til dæmis Íslands og Ástralíu. Því ættu fleiri frá Danmörku að eiga möguleika á því að koma til Íslands. Að öðru leyti dreifðust tekjur eftirfarandi samkvæmt töflu 56;

Tafla 56. Tekjur – Danmörk

Tekjur	Fjöldi	Prósenta af heild
100000 og lægra	3	30%
100001 - 200000	1	10%
200001 - 300000	0	0%
300001 - 400000	1	10%
400001 - 500000	3	30%
500001 og hærra	2	20%
Heild	10	100%

5.4.2 Þjónustustig

Þegar þátttakendur voru spurðir að því hversu vel leiðsögumaðurinn hafi staðið sig í þeirri ferð sem þeir voru þátttakendur í sögðu 68,8% að leiðsögumaðurinn hafi staðið sig mjög vel. 31,3% sögðu að leiðsögumaðurinn hafi staðið sig vel í ferðinni. Þegar þátttakendur voru spurðir að því hversu ánægðir/óánægðir þeir höfðu verið með þá þjónustu sem þeir höfðu fengið frá bókun þar til lok ferðar sögðu 43,8% að þeir væru mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir höfðu fengið en 56,3% sögðu að þeir höfðu verið ánægðir með þá þjónustu sem þeir höfðu fengið. Þegar þátttakendur voru spurðir að því hversu vel ferðin hafi staðið undir væntingum þeirra sögðu 25% að hún hafi hvorki né staðið undir væntingum, 43,8% sögðu að ferðin hafi staðið undir væntingum og 18,8% sögðu að hún hafi farið fram úr þeirra væntingum. En 12,5% voru svo ósvöruð. Þátttakendur voru að er virðist almennt sáttir við þá þjónustu sem þeir höfðu fengið frá AA í ferðum og þjónustu.

5.4.3 Önnur greining

Eftirfarandi töflur verða greindar saman;

Tafla 57. Upplýsingar um ferðasala – Danmörk

	AW	BAB	BI	BL	FS	HOH	ITB	ÓF	RF	Prósenta af heild
Family/friends								1		6,250%
Other magazine/newspaper			1							6,250%
The operators homepage		1		1						12,500%
Other internet website	1	1				1				18,750%
Tourist info			1		1		1		2	31,250%
Other	1	1								12,500%
Ómerkt								2		12,500%
Heild	2	3	2	1	1	1	1	3	2	100%

Tafla 58. Bókun ferðar – Danmörk

	AW	BAB	BI	BL	FS	HOH	ITB	ÓF	RF	Prósenta af heild
By telephone (through call center)		1		1	1		1		2	37,500%
In destination country directly at the tour oprator			2							12,500%
Through the internet at a travel organistation in country of residence	1	1				1				18,750%
Through the internet (other)	1							1		12,500%
Other		1								6,250%
Ómerkt								2		12,500%
Heild	2	3	2	1	1	1	1	3	2	100%

Tafla 59. Tegund gistingar – Danmörk

	AW	BAB	BI	BL	FS	HOH	ITB	ÓF	RF	Prósenta af heild
Average class hotel (up to and including 3 stars)		2	1	1	1		1			37,500%
Camper/caravan/tent	2					1				18,750%
Hostel		1								6,250%
Guesthouse								1	2	18,750%
Other			1							6,250%
Ómerkt								2		12,500%
Heild	2	3	2	1	1	1	1	3	2	100%

Tafla 60. Fjöldi ferðafélaga – Danmörk

	AW	BAB	BI	BL	FS	HOH	ITB	ÓF	RF	Prósenta af heild
0 persons		1		1		1				18,750%
1 person	2	1	1				1		2	43,750%
2 persons		1								6,250%
3 persons					1					6,250%
4 persons								1		6,250%
5 persons or more			1							6,250%
Ómerkt								2		12,500%
Heild	2	3	2	1	1	1	1	3	2	100%

Það dreifist nokkuð jafnt hvar þátttakendur voru að heyra af AA. Rétt um helmingur er að finna upplýsingar á netinu eða fá upplýsingar frá öðrum ferðaþjónustuaðilum (tafla 57). Áhugavert er að sjá að 37,5% segja að þeir hafi bókað ferðir í gegnum síma. En svo virðist sem að Danir séu helst að leita eftir aðstoð þegar þeir eru að bóka hjá AA, þ.e. þeir eru að fá hjálp frá öðrum og þriðja aðila (tafla 58). Það kemur ekki á óvart að margir Danir segjast dvelja lengur á Íslandi en 7 daga, þ.e. 12,5% segja að þeir hafi dvalið í 15 til 21 dag og 31,3% segja að þeir hafi dvalið í 8 -14 daga. En 43,8% segja að þeir hafi dvalið í 7 daga eða skemur og 12,5% var ósvarað. Áhugavert er að sjá að 18,8% segja að þeir hafi dvalið í tjaldi eða húsvagni, en svo virðist sem Danir séu almennt að leita sér eftir ódýrari gistingu hér á landi. En 37,5% segjast svo hafa gist á hóteli sem var allt að þrjár stjörnur (tafla 59). Ekki kemur á óvart að Danir dreifðust á alla hópa. En langflestir Danir eða 43,8% segja að þeir hafi verið að ferðast með einum öðrum aðila við dvöl sína á Íslandi (tafla 60).

5.4.4 Áhugasvið

Eftirfarandi þremur töflum var svarað saman;

Tafla 61. Áhugasvið – Danmörk

Ferð	Fjöldi	Prósenta af heild
Ómerkt	11	22,917%
Ice climbing	7	14,583%
Rafting	7	14,583%
Diving	4	8,333%
Caving	3	6,250%
Glacier hike	3	6,250%
Horse riding	3	6,250%
Snorkeling	3	6,250%
Hiking	2	4,167%
Kayaking	2	4,167%
ATV	1	2,083%
Snowmobile	1	2,083%
Whale watching	1	2,083%
Biking	0	0,000%
Boat trip	0	0,000%
Canoeing	0	0,000%
Incentive	0	0,000%
Sightseeing	0	0,000%
Super-jeep	0	0,000%
Heild	48	100%

Tafla 62. Bókaðar ferðir – Aðrar – Danmörk

Heiti ferðar	Fjöldi	Prósenta af heild
Rafting	2	33,333%
Blue Ice	1	16,667%
Glacier hiking	1	16,667%
Canoeing	1	16,667%
Adventure weekend	1	16,667%
Heild	6	100%

Tafla 63. Fjöldi pantaðra ferða – Danmörk

Fjöldi Ferða	Fjöldi	Prósenta af heild
Ein ferð	4	25,000%
Þrjár ferðir	1	6,250%
Ómerkt	11	68,750%
Heild	16	100%

Danir eru almennt ekki að fara í aukaferðir með AA en 68,75% segja að þeir hafi ekki bókað í aðrar ferðir með fyrirtækinu (tafla 63). Að auki merktu 22,92% ekki við hvaða ferðir höfðaði mest til þeirra sem AA væri að bjóða upp á (tafla 61). Því var ekki farið í frekari greiningu á áhugasviði Dana.

5.5 Frakkland

Sextán þátttakendur voru frá Frakklandi eða 3,05% af þeim ellefu löndum sem tekin voru fyrir. Alls voru átta karlmenn eða 62,5%, fimm konur eða 31,25% og einn skilaði ómerktu eða 6,25%.

Tafla 64. Kyn – Frakkaland

	Karl	Kona	Ómerkt	Prósenta af heild
Black and Blue	2	2		25,000%
Golden Grand Slam	1	2		18,750%
Highlights of the Highlands			1	6,250%
Into the Blue	2			12,500%
Ómerkt ferð	5	1		37,500%
	10	5	1	100%

En þar sem 37,5% skráðu ekki niður hvaða ferð þeir væru að fara í, verður stikklað á stóru varðandi niðurstöðurnar þar sem ferðir var undir skýrirbreytan (tafla 64).

Áhugavert er að sjá að svo virðist sem Frakkar sem lögðu leið sína til Íslands hafi verið í eldri kantinum. Einn (6,3%) var á aldursbilinu 18 ára og yngri, fimm (31,3%) voru á aldursbilinu 25 til 29 ára og níu (56,3%) voru á aldursbilinu 45 til 49 ára og einu var skilað auðu. Aldursbil Frakka var greinilega aðeins hærra en hefur verið hjá öðrum þjóðum. Ekki kom á óvart að 81,3% segjast vera með háskólagráðu eða hærri menntun. 12,5% segja að þeir séu með annars stigs menntun og 6,3% sagðist vera með fyrsta stigs menntun.

5.5.1 Tekjur

Alls svöruðu 10 þátttakendur eða 62,5% liðnum um tekjur. Meðaltekjur í Frakkalandi árið 2008 voru 33.574 Evrur árið 2008 (European Commission. Eurostat, 2011). Þegar sett voru upp efri og neðri mörk miðað við meðaltekjur í Frakkalandi árið 2008 voru 70% undir meðaltekjum og 30% voru yfir meðaltekjum. Hæstu tekjurnar sem kom fram í

spurningalistanum var 50.000 Evrur og lægstu tekjurnar voru 2500 Evrur. Meðaltalið var 25.150 Evrur.

5.5.2 Þjónustustig

Þegar Frakkar voru spurðir að því hvernig þeim fannst leiðsögumaðurinn hafa staðið sig í ferðinni sögðu 50% að hann hafi staðið sig vel og 50% að hann hafi staðið sig mjög vel. Þegar Frakkar voru spurðir að því hvernig þjónustan hafi verið frá bókun þar til lok ferðar sögðu 62,5% að þjónustan hafi verið góð og 37,5% að hún hafi verið mjög góð. Að endingu voru Frakkar beðnir um að lýsa því hversu vel ferðin hafi staðið undir væntingum sögðust 93,8% að hún hafi staðið undir væntingum og 6,3% að hún hafi farið fram úr þeirra væntingum.

5.5.3 Önnur greining

Eftirfarandi töflur verða greindar saman;

Tafla 65. Upplýsingar um ferðasala – Frakkland

	BAB	GGS	HOH	ITB	ÓF	Prósenta af heild
Family/friends	2				1	18,750%
The operators booking center		1				6,250%
The operators homepage	2					12,500%
Other Internet website		2	1			18,750%
Tourist info				2		12,500%
Travel guides (e.g. Lonely Planet)					1	6,250%
Other					1	6,250%
Ómerkt					3	18,750%
Heild	4	3	1	2	6	100%

Tafla 66. Bókun ferðar – Frakkland

	BAB	GGS	HOH	ITB	ÓF	Prósenta af heild
In destination country directly at the tour operator				2		12,500%
In destination country through an intermediary (travel agency)		1				6,250%
In person at a travel organisation in country of residence					2	12,500%
Through the internet at a travel organisation in country of residence		2	1			18,750%
Through the internet (other)	4				1	31,250%
Ómerkt					3	18,750%
Heild	4	3	1	2	6	100%

Tafla 67. Lengd dvalar – Frakkland

	Fjöldi	Prósenta af heild
7 daga eða skemur	2	12,500%
8 til 14	9	56,250%
15 til 21	1	6,250%
22 til 30	1	6,250%
Ómerkt	3	18,750%
Heild	16	100%

Tafla 68. Tegund gistingar - Frakkland

	BAB	GGS	HOH	ITB	ÓF	Prósenta af heild
Appartment/bungalow		1			1	12,500%
Average class hotel (up to and including 3 stars)	2					12,500%
Camper/caravan/tent				2		12,500%
Hostel		2			1	18,750%
Guesthouse	2		1		1	25,000%
Ómerkt					3	18,750%
Heild	4	3	1	2	6	100%

Áhugavert var að sjá að 18,8% segjast hafa bókað eftir að þeir höfðu heyrt af AA í gegnum vini eða ættingja (tafla 65). 31,3% segjast hafa bókað ferðina í gegnum netið með öðrum hætti. Svo virðist sem að Frakkar hafi bókað ferð sína í gegnum annan og þriðja aðila (tafla 66). Frakkar voru almennt að dvelja lengur á Íslandi en sjö daga. En langflestir eða 56,3% sögðust dvelja á Íslandi í 8 til 14 daga (tafla 67). Höfundur telur að Frakkar séu almennt að leita að ódýrari gistingum (tafla 68). Áhugavert var að sjá að 68,8% eða ellefu manns segjast vera að ferðast með einum öðrum aðila. Það gefur ákveðnar vísbendingar um að Frakkar séu mest að ferðast með maka til Íslands. En að öðru leyti voru 12,5% að ferðast á eigin vegum og 18,8% skiluðu auðu.

5.5.4 Áhugasvið

Eftirfarandi þremur töflum verður svarað saman;

Tafla 69. Áhugasvið– Frakkland

Ferð	Fjöldi	Prósenta af heild
Ómerkt	13	27,083%
Whale watching	8	16,667%
Snorkeling	5	10,417%
Caving	3	6,250%
Glacier hike	3	6,250%
Hiking	3	6,250%
Rafting	3	6,250%
Diving	2	4,167%
Horse riding	2	4,167%
Sightseeing	2	4,167%
Snowmobile	2	4,167%
Boat trip	1	2,083%
Ice climbing	1	2,083%
ATV	0	0,000%
Biking	0	0,000%
Canoeing	0	0,000%
Incentive	0	0,000%
Kayaking	0	0,000%
Super-jeep	0	0,000%
Heild	48	100%

Tafla 70. Bókaðar ferðir – Aðrar – Frakkland

Heiti ferðar	Fjöldi	Prósenta af heild
Snorkling	3	10,345%
Caving	3	10,345%
Blue Lagoon	3	10,345%
Horseback riding	3	10,345%
Rafting	3	10,345%
Golden circle	2	6,897%
Golden grand slam	2	6,897%
Glacier grand slam	2	6,897%
Hot spring hunt	2	6,897%
Fjord serenity	2	6,897%
Blue Ice	1	3,448%
Skaftafell glacier tour	1	3,448%
Ice climbing	1	3,448%
Whale watching	1	3,448%
Heild	29	100%

Tafla 71. Fjöldi pantaðra ferða – Frakkland

Fjöldi Ferða	Fjöldi	Prósenta af heild
Ein ferð	4	25,000%
Tvær ferðir	2	12,500%
Fjórar ferðir	1	6,250%
Átta ferðir	2	12,500%
Ómerkt	7	43,750%
Heild	16	100,000%

Áhugasvið Frakka virðist helst liggja í ferðum þar sem erfiðleikastig ferða var ekki hátt, en þær tvær ferðir sem vöktu mestan áhuga hjá Frökkum voru hvalaskoðun og snorkling (tafla 69). Einnig var áhugavert að sjá að mikil fjölbreytni er í vali Frakka á ferðum. En alls voru fjórtán aðrar ferðir bókaðar með þeirri ferð sem Frakkar voru í þegar þeir svöruðu spurningalistanum (tafla 70). Þar af voru 56,25% sem sögðust hafa farið í aðra ferð með þeirri ferð sem þeir höfðu þegar bókað sig í (tafla 71).

5.6 Þýskaland

Þrjátíu og þrír þátttakendur voru frá Þýskalandi og eru það 6,29% af þeim ellefu löndum sem tekin voru fyrir. Alls svöruðu 18 kvenmenn eða 54,5% spurningalistanum, 11 karlmenn eða 33,3% og fjórum var ósvarað eða 12,1%. Áhugavert er að sjá hversu margir kvenmenn frá Þýskalandi sækjast í ferðir hjá AA (tafla 72).

Tafla 72. Kyn – Þýskaland

	Karl	Kona	Ómerkt	Prósenta af heild
Black and Blue	3	5	2	30,303%
Blue Lava	4	4		24,242%
Beast of the East	1	3		12,121%
Into the Blue	1	2	1	12,121%
Fjord Serenity	1	2		9,091%
River Fun	1	1	1	9,091%
Ómerkt ferð		1		3,030%
Heild	11	18	4	100,00%

Black and Blue var vinsælasta ferðin með 30,3% af heildarniðurstöðunum. Áhugavert er að Blue Lava lenti í öðru sæti með 24,24% og þegar skoðað er hversu margir fóru saman í viðkomandi ferð virðist þetta hafa verið makaferð þar sem 75% segjast hafa verið að ferðast með einum öðrum aðila (tafla 78).

Tafla 73. Aldur – Þýskaland

	18 og yngri	18-24	25-29	30-34	35-39	45-49	50-54	55-59	Ómerkt	Heild
BE		3		1						4
BAB	1		5	3		1				10
BL		2		4			2			8
FS				2	1					3
ITB			2					1	1	4
ÓF					1					1
RF			1		1	1				3
Prósenta af heild	3,030%	15,152%	24,242%	30,303%	9,091%	6,061%	6,061%	3,030%	3,030%	100%

Flestir eða 30,3% voru á aldursbilinu 30 til 34 ára og næst flestir voru 25 til 29 ára eða 24,24%. Aldursbilin dreifðust nokkuð í samræmi við heildar aldursdreifingu. Þó að skalinn hafi verið í hærri endanum. Það kom höfundi ekki á óvart að 75,8% voru með háskólagráðu eða hærri menntun og 15,2% voru svo með annarsstigs menntun. Að auki voru 9% ósvörað (tafla 73).

5.6.1 Tekjur

Þegar Þjóðverjar voru spurðir hverjar meðaltekjur þeirra höfðu verið fyrir skatt var svarhlutfallið 30,3%. Af þeim sökum verður ekki farið nánar í þennan lið, þar sem höfundur telur að það gefi bjagaða mynd af heildarniðurstöðum.

5.6.2 Þjónustustig

